

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA
LÍS

ÁRSSKÝRSLA LÍS
2019 - 2020



Efnisyfirlit

1	Ávarp forseta	1
2	Almenn störf	3
2.1	Fulltrúaráð 2019-2020	3
2.1.1	Fulltrúar aðildarféлага í fulltrúaráði LÍS 2019-2020	3
2.1.2	Fulltrúaskipti	4
2.2	Framkvæmdastjórn 2019-2020	4
2.2.1	Embætti innan framkvæmdastjórnar	5
2.3	Nefndir	6
2.3.1	Sjálfbærninefnd	6
2.3.1.1	Almennt	6
2.4	Almennt um fundarhald	6
2.5	Fulltrúar á vegum LÍS	7
2.6	Samstarf	8
2.6.1	Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið	8
2.6.1.1	Samningaviðræður	8
2.6.1.2	Eurostudent VII könnun	9
2.6.1.3	Skipun varafulltrúa í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema	9
2.6.1.4	Kynning á drögum að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030	10
2.6.2	Samstarf við BHM	11
2.6.2.1	Samningaviðræður	11
2.6.2.2	Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða	12
2.6.2.3	Fræðsluherferð um kjaramál á vinnumarkaði	12
2.6.3	Samstarf við SÍF	12
2.6.3.1	Hakkaþon: Brúum bilið	12
2.6.4	Stuðningur við aðildarfélög	13
3	Viðburðir LÍS	14
3.1	Fundir, ráðstefnur og málþing	14
3.1.1	Fræðslukvöld LÍS	14
3.1.2	Málstofa Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs	14
3.1.3	Vinnuþing	16
3.1.3.1	Skiptaþing	16

3.1.3.2	Haustþing	16
3.1.3.3	Nýársþing	16
3.1.3.4	Landsþing LÍŠ 2020	17
4	Alþjóðamál	19
4.1	Almennt	19
4.2	Alþjóðanefnd	19
4.3	Vinnufundur um stefnu LHÍ um alþjóðavæðingu	19
4.4	Fundir og ráðstefnur 2019-2020	20
4.4.1	ESC38	20
4.4.2	NAIS2	20
4.4.3	NOM76	20
4.4.4	BM77	20
4.4.5	ESC39	21
4.4.6	Ráðstefnur eftir landsþing	21
5	Gæðamál	22
5.1	Almennt	22
5.2	Gæðanefnd	22
5.3	Stúdentaspjallið: „Hvað eru eiginlega gæði náms?“	22
5.4	Samkomulag á milli háskóla og stúdenta um stúdentafulltrúa	23
5.5	Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs Íslenskra Háskóla	23
5.6	Gæðaráð íslenskra háskóla	24
5.7	Gæðanámskeið stúdenta	25
6	Jafnréttismál	26
6.1	Almennt	26
6.2	Jafnréttisnefnd	27
6.3	Fundur með rektor HÍ vegna stuðningsyfirlýsingar LÍŠ við bréfi jafnréttisnefndar KÍ	27
6.4	Sameiginlegur fundur jafnréttisnefnda- og fulltrúa	27
6.5	Réttinda-Ronja	28
6.5.1	Almennt	28
6.5.2	Hvatningaverðlaun ÖBÍ	28
6.6	Jafnréttisdagar	29
6.6.1	Vinnustofa - Diversity and Equality at UI	29

6.6.2	Loftslagsganga háskólasamfélagsins og Planet B: Pælingar um umhverfið, jafnrétti og framtíðina	29
7	Markaðsmál	31
7.1	Almennt	31
7.2	Markaðsnefnd	31
7.3	Kynningar á LÍŠ	32
7.3.1	Kynningarfundir með aðildarfélögum	32
7.3.1.1	Kynning á LÍŠ á Stjórnarfundi NLBHÍ	32
7.3.1.2	Kynning á landsþingi fyrir SHÍ	32
7.3.2	Kynningarherferð á LÍŠ	32
7.3.3	Framadagar	32
7.3.4	Háskóladagurinn	32
7.4	Herferð LÍŠ vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna	33
7.5	Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍŠ	33
7.5.1	Heimasíða	33
7.5.2	Samfélagsmiðlar	34
8	Fjármál	35
8.1	Almennt	35
8.2	Fjármálanefnd	35
8.3	Framkvæmdastjóri	36
9	Innra starf	37
9.1	Laga- og verklagsbreytingar	37
9.1.1	Lagabreytingarnefnd	37
9.1.2	Almennt	37
9.2	Stefna um innra starf LÍŠ	38
9.3	Stefnur og lög LÍŠ þýdd	38
10	Önnur verkefni	40
10.1	Student Refugees	40
10.1.1	Heimasíða Student Refugees	40
10.1.2	Sjálfbóðaliðar	40
10.1.3	Heimsókn Studenterhuset	41
10.1.4	Umsóknarkaffihús	42
10.2	Loftslagsverkfall	42

10.2.1	Viðurkenning frá Reykjavíkurborg	42
10.2.2	Viðurkenning frá Íslandsdeild Amnesty International	43
10.2.3	Allsherjarverkfall fyrir loftslagið 20. til 27. september	43
10.2.4	Fundur með forsvarsáðilum ríkisstjórnar 27. september	44
10.2.5	Fundur með verkefnastjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum	45
10.2.6	Menn ársins	45
10.2.7	Afmælisverkfall	46
10.3	Young Reporters for the Environment (YRE)	46
11	Umsagnir, bréf og yfirlýsingar	47
11.1	Ályktun íslenskra stúdenta um úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2019-2020	47
11.2	Stuðningsyfirlýsing European Students' Union við íslenska stúdenta vegna aldursgreininga Háskóla Íslands á fylgdarlausum hælisleitendum	47
11.3	Umsögn LÍŚ við frumvarpsdrög um Stuðningssjóð íslenskra námsanna	48
11.4	Stuðningsyfirlýsing LÍŚ við bréfi jafnréttisnefndar KÍ	49
11.5	Umsögn LÍŚ um frumvarp um Menntasjóð námsmanna	49
11.6	Stuðningsyfirlýsing samstarfsnefndar háskólastigsins	50
11.7	Bréf til þingmanna vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna	50
11.8	Bréf til mennta- og menningarmálaráðherra vegna menntastefnu til ársins 2030	50
11.9	Stuðningur LÍŚ við kröfur norræna ungmennafulltrúa á COP25	51
11.10	Yfirlýsing vegna fréttar um synjun á starfsnámi í lögreglufraeði vegna lyfjameðferðar við kvíða 51	
11.10.1	Fundur með valnefnd Menntunar- og starfsþróunarseturs lögreglunnar	52
11.11	Umsögn um Grænbók um fjárveitingar til háskóla	53
11.12	Áherslur LÍŚ um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2020-2021	54
12	Þátttaka í pallborðum og málþingum	55
12.1	Pallborðsumræður á ráðstefnu Gæðaráðs íslenskra Háskóla	55
12.2	Opinn fundur um Lánasjóð íslenskra námsmanna hjá Samfylkingunni	56
12.3	Pallborðsumræður Vinstri grænna um frumvarp um Menntasjóð námsmanna	57
12.4	Opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna - Reykjavík	58
12.5	Opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna - Hvanneyri	58
12.6	Pallborðsumræður Viðreisnar um frumvarp um Menntasjóð námsmanna	59
12.7	Erindi á ráðstefnu Rannís um hvernig eigi að efla hreyfanleika kennaranema	60
12.8	Umbylting háskólanáms - Málstofa SHÍ um European University Networks	60

1 Ávarp forseta

Kæri lesandi,

Tíminn flýgur hratt á gervihnattaröld og senn lýkur sjötta starfsári samtakanna. Starfsári sem hefur einkennst af áskorunum en einnig mikilli samstöðu, baráttuanda og gleði. Fyrrum forseti LÍS hefur áður líkt vexti samtakanna við æviskeið mannsins. Frá fæðingu þeirra 3. nóvember 2013 hafa þau vaxið hratt og dafnað. Við fjögurra ára aldur minntu þau strax á ungling sem lá mikið á að fullorðnast. Nú á sjötta aldursári hafa



samtökin skotið rötum, keypt sér íbúð og eru komin langt á leið með draumanámið. Þau ætla að sigra heiminn, eitt skref í einu. Það mætti segja að lífið leiki við þau, enda eru þau ekki enn byrjuð að greiða niður af námslánum.

Það sem hefur staðið upp úr á árinu er herferð samtakanna vegna frumvarps um Menntasjóð námsanna, verkefnið Student Refugees sem hefur farið fram úr okkar björtustu vonum og áframhaldandi skipulag á loftslagsverkfallinu með þremur öðrum kraftmiklum samtökum. Líkt og síðustu ár hafa alþjóða- og gæðamál skipað stóran sess í starfi samtakanna. Verkefnum samtakanna hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og samhliða því eykst þörfin á frekara fjármagni. Það er lykilatriði að samtökin geti fjölgað stöðugildum á skrifstofu LÍS á komandi árum til þess að geta haldið í við þróun samtakanna.

Yfirskrift landsþings í ár er „Velferðarmál - Í nærumhverfi stúdenta“. Velferðarmál er viðamikill málaflokkur sem nær yfir helstu hagsmunamál stúdenta síðustu ár. Lánasjóðsmál eru þar á meðal og er óhætt að segja að árið hafi einkennst af fyrirlögðum breytingum mennta- og menningarmálaráðherra á lánasjóðskerfi stúdenta. Stúdentar hafa lengi beðið eftir styrkjakerfi sem er byggt upp að norrænni fyrirmynd og var því ánægjulegt að fá loksins eintak af frumvarpi um Menntasjóð námsmanna í hendurnar. Veigamestu breytingar þess felast í innleiðingu beins

styrkjakerfis og breyttum vaxtakjörum en stúdentar létu ekki sitt eftir liggja og efndu til herferðar undir formerkjunum „Fjárfestum í menntun“. Krafa herferðarinnar var skýr. Krafa um að fyrirsjáanleg vaxtakjör yrðu tryggð með því að þak yrði sett á vexti námslána.

Innri stefna LÍŠ var skrifuð á starfsárinu. Vonin er sú að hún muni nýtast næsta fulltrúaráði og framkvæmdastjórn við að byggja samtökin enn frekar upp, þá sérstaklega með tilliti til uppbyggingar aðildarfélaga. Á næstu árum mun uppbygging aðildarfélaga spila stórt hlutverk í starfi samtakanna og er mikilvægt að LÍŠ mæti hverju aðildarfélagi fyrir sig þar sem það er statt. Það er hlutverk samtakanna að standa vörð um sameinaða rödd stúdenta á landsvísu og það er mér hjartans mál að tryggja að samtökin standi undir hlutverki sínu gagnvart hverju einasta aðildarfélagi, enda liggur mikill styrkur í sameinaðri rödd stúdenta. Sjálfbærnistefna samtakanna varð einnig til á starfsárinu en hún var unnin upp úr niðurstöðum vinnustofa frá landsþingi 2019. Stórar áskoranir eru fram undan, ekki einungis fyrir háskólasamfélagið heldur samfélagið í heild sinni. Við skrif á sjálfbærnistefnu samtakanna var undirrituð endurtekið minnt á mikilvægi þess að við hlustum á vísindin og grípum til róttækra aðgerða til þess að sporna gegn loftslagsvánni. Neyðarástand ríkir í loftslagsmálum og er ég sannfærð um að stúdentar muni halda áfram að vera mikilvægt þrýstiafl gagnvart stjórnvöldum, fyrirtækjum og háskólum í þeim efnum.

Þegar ég lít til baka yfir árið get ég ekki annað en verið þakklát fyrir fólkið sem skapar samtökin. Fulltrúaráð, framkvæmdastjórn og nefndir LÍŠ samanstanda af kraftmiklu og heiðarlegu fólki sem á hrós skilið fyrir sína vinnu.

Takk fyrir mig,



Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍŠ 2019-2020

2 Almenn störf

2.1 Fulltrúaráð 2019-2020

Í fulltrúaráði sitja tveir fulltrúar og tveir varafulltrúar frá hverju aðildarfélagi. Nýtt fulltrúaráð tók við á skiptafundi þann 24. maí 2019. Skipulag fulltrúaráðs, samkvæmt núverandi lögum við skrif skýrslunnar, er þannig háttað að forseti LÍŠ tekur sæti í fulltrúaráði en hefur einungis atkvæðisrétt ef atkvæði falla að jöfnu. Að forseta meðtöldum sátu 15 aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍŠ 2019-2020. Ekki hefur tekist að fullskipa fulltrúaráð fyrir skrif þessarar skýrslu eins og sést á upptalningu hér að neðan en sumar af þessum stöðum voru þó skipaðar á einhverju tímabili starfsársins.

2.1.1 Fulltrúar aðildarféлага í fulltrúaráði LÍŠ 2019-2020

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB)

Aðalfulltrúar:

Bjarni Heiðar Halldórsson
Leifur Finnbogason

Varafultrúar:

Kristín Þóra Jónsdóttir
Thelma Dögg Harðardóttir

Nemendaráð Listaháskóla Íslands (NLHÍ)

Aðalfulltrúar:

Sigtýr Ægir Kára
Sylvía Lind Jóhannesdóttir

Varafultrúar:

Óskipað
Óskipað

Stúdentafélag Hólaskóla (SH)

Aðalfulltrúar:

Freyja Huld Hrólfsdóttir
Óskipað

Varafultrúar:

Mathilde Hognestad
Sylvía Ösp Símonardóttir

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ)

Aðalfulltrúar:

Styrmir Níelsson
Sæbjörg Einarsdóttir

Varafultrúar:

Óskipað
Óskipað

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Aðalfulltrúar:

Guðlaugur Þór Gunnarsson
Leó Snær Emilsson

Varafultrúar:

Júlía Ingadóttir
Tómas Kolbeinn Georgsson

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA)

Aðalfulltrúar:

Ágústa Skúladóttir
Sólveig María Árnadóttir

Varafultrúar:

Jón Hlífur Aðalsteinsson
Helga Björg Loftsdóttir

**Stúdentaráð Háskóla Íslands
(SHÍ)****Aðalfulltrúar:**

Elísabet Brynjarsdóttir
Jóna Þórey Pétursdóttir

Varafulltrúar:

Kolbrún Lára Kjartansdóttir
Rebekka Karlsdóttir

**Samband íslenskra námsmanna erlendis
(SÍNE)****Aðalfulltrúar:**

Áslaug Heiða Gunnarsdóttir
Bjarki Þór Grönfeldt

Varafulltrúar:

Jóhann Gunnar Þórarinnsson
Óskipað

2.1.2 Fulltrúaskipti

- Daníel Perez Eðvarðsson sagði af sér sem aðalfulltrúi NLHÍ þann 11. september 2019 og var Sylvía Lind, varafulltrúi NLHÍ, skipuð í hans stað.
- Ása Valgerður sagði af sér sem varafulltrúi NLHÍ þann 20. september 2019.
- Sandra Rún Jónsdóttir sagði af sér sem aðalfulltrúi SÍNE þann 22. október 2019 og var Áslaug Heiða Gunnarsdóttir skipuð í hennar stað.
- Sandy Carson sagði af sér sem aðalfulltrúi SH þann 13. nóvember 2019.
- Sæbjörg Einarsdóttir, þá varafulltrúi NLBHÍ, var skipuð í sæti aðalfulltrúa NLBHÍ þann 25. nóvember 2019.

2.2 Framkvæmdastjórn 2019-2020

Kosningar í embætti framkvæmdastjórnar LÍS fóru fram á landsþingi 2019 þann 31. mars. Alls bárust átta framboð í embætti framkvæmdastjórnar en að kosningum loknum var framkvæmdastjórn starfsársins 2019-2020 fullskipuð. Á umræddu landsþingi var lagabreytingartillaga samþykkt sem laut að því að ef frambjóðandi hlyti ekki kjör væri honum heimilt að bjóða sig fram í annað embætti sem ekki bárust framboð í. Tillagan gerði það að verkum að í fyrsta skipti í sögu samtakanna var framkvæmdastjórn fullskipuð á landsþingi. Ný framkvæmdastjórn tók formlega við störfum á skiptafundi 24. maí 2019 og fór fyrsti fundur framkvæmdastjórnar fram 18. júní sama ár.

Í ágúst 2019 sagði markaðsstjóri LÍS, Polina Diljá Helgadóttir, af sér embætti á fundi fulltrúaráðs og var í framhaldinu opnað fyrir umsóknir í markaðsstjóra. Guðbjartur Karl Reynisson var kosinn markaðsstjóri á fundi fulltrúaráðs 24. september.

Í október 2019 sagði forseti LÍS, Sonja Björg Jóhannsdóttir, af sér embætti á fundi fulltrúaráðs og var í framhaldinu opnað fyrir umsóknir í forseta LÍS. Sigrún Jónsdóttir var kjörin forseti á fundi fulltrúaráðs 29. október og sagði af sér sem varaforseti LÍS á sama fundi. Þar af leiðandi var opnað fyrir umsóknir í varaforseta. Tvær umsóknir bárust og var Ragnhildur Þrastardóttir kjörin varaforseti á fundi fulltrúaráðs þann 11. nóvember.



Á fundi fulltrúaráðs þann 25. júní 2019 veitti fulltrúaráð framkvæmdastjórn heimild til að skipta 1,8 stöðugildum á skrifstofu LÍS á milli forseta, varaforseta og framkvæmdastjóra. Ákveðið var að forseti myndi sinna 100% stöðu og varaforseti og framkvæmdastjóri 40% hvor. Starfsemi samtakanna hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og samhliða því hefur þörfin á fleiri stöðugildum á skrifstofu LÍS vaxið en á starfsárinu 2018-2019 var 1,4 stöðugildi skipt á milli forseta og varaforseta.

2.2.1 Embætti innan framkvæmdastjórnar

- **Forseti:** Sigrún Jónsdóttir
- **Varaforseti:** Ragnhildur Þrastardóttir
- **Alþjóðafulltrúi:** Jóhanna Ásgeirsdóttir
- **Gæðastjóri:** Eygló María Björnsdóttir
- **Ritari:** Hjördís Sveinsdóttir
- **Fjáröflunarstjóri:** Aníta Eir Jakobsdóttir
- **Jafnréttisfulltrúi:** Anastasía Jónsdóttir
- **Markaðsstjóri:** Guðbjartur Karl Reynisson

2.3 Nefndir

Lögbundnar nefndir LÍŠ eru sex talsins en þær eru alþjóðanefnd, fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, lagabreytinganefnd og markaðsnefnd. Lög LÍŠ heimila einnig að samtökin setji á fót aðrar undirnefndir. Í ágúst 2019 var opnað fyrir umsóknir í nefndir LÍŠ fyrir utan markaðsnefnd og bárust alls 13 umsóknir. Sótt var um í gegnum umsóknarform á heimasíðu samtakanna. Forsetar nefnda fóru yfir þær umsóknir sem bárust í hverja nefnd fyrir sig. Í framhaldi funduðu forsetar nefndanna með umsækjendum og völdu meðlimi að því loknu. Vegna afsagnar markaðsstjóra í ágúst var auglýst í markaðsnefnd í nóvember. Alls bárust fjórar umsóknir í markaðsnefnd. Einnig var sett á fót sjálfbærninefnd vegna skrifa á sjálfbærnistefnu LÍŠ og var forseti LÍŠ í forsvari fyrir nefndinni. Nánar verður fjallað um hverja fastanefnd fyrir sig og verkefni þeirra hér að neðan.

2.3.1 Sjálfbærninefnd

Nefndarmeðlimir:

Sigrún Jónsdóttir, forseti

Hjördís Sveinsdóttir

Styrmir Níelsson

Anna Worthington De Matos

2.3.1.1 Almennt

Hlutverk sjálfbærninefndar starfsárið 2019-2020 var að skrifa sjálfbærnistefnu LÍŠ sem verður lögð fyrir landsþing 2020. Auglýst var í nefndina í lok september 2019 og hóf hún starfa í október. Sjálfbærnistefnan var unnin upp úr niðurstöðum vinnustofa frá landsþingi 2019. Sigrún Jónsdóttir, forseti, og Hjördís Sveinsdóttir, ritari LÍŠ, tóku einnig virkan þátt í skipulagi loftslagsverkfallsins á starfsárinu en kröfur loftslagsverkfallsins veittu einnig innblástur við skrif á stefnunni.

2.4 Almennt um fundarhald

Samkvæmt lögum samtakanna skal fulltrúaráð LÍŠ funda á sex vikna fresti að lágmarki. Í haust samþykkti fulltrúaráð að funda að jafnaði á fjögurra vikna fresti. Í lögum LÍŠ er einnig kveðið á um að fundir fulltrúaráðs skuli boðaðir með minnst viku fyrirvara og var á landsþingi 2019 samþykkt lagabreytingatillaga sem laut að því að fundargögn skuli berast samhliða fundarboðun.

Á síðasta starfsári þurftu fundargögn að berast að minnsta kosti tveimur sólarhringum fyrir fund. Til þessa hafa fundir fulltrúaráðs verið tólf talsins. Allir fundir hafa farið fram í húsnæði BHM. Gera má ráð fyrir því að fundað verði tvisvar í viðbót að landsþingi loknu til viðbótar við skiptafund.

Samkvæmt lögum samtakanna skal framkvæmdastjórn LÍS funda að minnsta kosti einu sinni á þriggja vikna fresti. Samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar að fundað skyldi á tveggja vikna fresti að jafnaði. Fundi skal boða með tryggum hætti að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir fundardag. Fundir framkvæmdastjórnar hafa hingað til verið 17 talsins. Gera má ráð fyrir fimm fundum til viðbótar á starfsárinu að landsþingi loknu. Allir fundir hafa farið fram í húsnæði BHM.

Viðauki 1: Fundargerðir fulltrúaráðs

Viðauki 2: Fundargerðir framkvæmdastjórnar

2.5 Fulltrúar á vegum LÍS

Fulltrúar íslenskra stúdenta í nefndum, ráðum og sjóðum:

- Nýsköpunarsjóður námsmanna. Tilnefnt David Erik Mollberg og Kristjana Björk Barðdal. Skipunartímabil: 2020-2023.
- Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla. Tveir aðalfulltrúar: Eygló María Björnsdóttir og Sigrún Jónsdóttir. Skipunartímabil: 2017 til 2020.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Unnið að skipun áheyrnarfulltrúa LÍS þegar skýrsla er skrifuð. Skipunartímabil: 2020-2022.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Aðalfulltrúi: Oisín Hassan. Skipunartímabil: 2019 til 2022.
- Samstarfsráð um fagháskólanám. Aðalfulltrúi: Alexandra Ýr van Erven. Skipunartímabil: 2019.
- Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Aðalfulltrúi: Daníel Isebarn Ágústsson. Varamaður: Dagmar Vésteinsdóttir. Skipunartímabil: 2018 til 2020.
- Verkefnastjórn vegna aðgerða í menntamálum til að efla nýliðun kennara og sporna við brotthvarfi úr kennarastétt. Aðalfulltrúi: Sigurður Vopni Vatnsdal.
- Starfshópur um gæði og skilvirkni í háskólum. Aðalfulltrúi: Erna Sigurðardóttir. Varafulltrúi: Eygló María Björnsdóttir.

- Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara. Aðalfulltrúi: Sólveig María Árnadóttir. Varafulltrúi: Jóhanna Ásgeirsdóttir.

2.6 Samstarf

2.6.1 Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið

2.6.1.1 Samningaviðræður

Á síðasta starfsári hófust samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) um aukið fjármagn og stöðugri þjónustusamning milli LÍŠ og ráðuneytisins. Samningaviðræðurnar gengu vel fyrir sig og skrifaði Sonja Björg Jóhannsdóttir, þáverandi forseti LÍŠ, undir þriðja samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið í júlí 2019 sem



tryggir fjármögnun samtakanna til næstu fimm ára. Samningurinn hljóðar upp á níu milljónir króna á ári en fyrri samningur hljóðaði upp á fimm milljónir króna. Að sögn mennta- og menningarmálaráðuneytisins er tilgangur samningsins að stuðla að öflugum samstarfsvettvangi háskólastúdenta og að LÍŠ sé öflugur tengiliður stjórnvalda við íslenska háskólastúdenta í umræðu um skipulag og stefnumótun háskólastigsins. Samningur til fimm ára tryggir samtökunum aukinn stöðugleika sem er einstaklega dýrmætt fyrir samtök í örri þróun. Fjármagnið gerði samtökunum kleift að fjölga stöðugildum á skrifstofu LÍŠ í upphafi starfsárs sem var mikið fagnaðarefni. Þó er enn mikið verk fyrir höndum. Í samningaviðræðunum á síðasta starfsári lagði þáverandi framkvæmdastjórn fram áætlun sem gerði ráð fyrir því fjármagni sem nauðsynlegt væri til þess að geta sinnt þörfum samtakanna til fullnustu. Sú upphæð hljóðaði upp á 23 milljónir króna. Áætlunin innihélt til að mynda þá upphæð sem myndi tryggja fjármögnun landsþings samtakanna og þrjú stöðugildi á skrifstofu LÍŠ. Síðustu ár hefur landsþing einungis verið fjármagnað með styrkjum. Það er einstaklega mikilvægt að tryggja meiri stöðugleika í fjármögnun landsþings enda er það æðsta ákvörðunarvald samtakanna og stærsti vettvangur hagsmunafélaga stúdentna á Íslandi.

Viðauki 3: Samningur milli LÍS og MRN

2.6.1.2 Eurostudent VII könnun

EUROSTUDENT könnunin er yfirgripsmikil könnun sem er lögð fyrir stúdenta í 28 mismunandi löndum og nær til fjölda félagslegra þátta um stúdentahópinn. Ísland tók fyrst þátt í EUROSTUDENT VI en niðurstöður könnunarinnar voru birtar í mars 2018. Það var í fyrsta skipti sem stúdentar, stjórnendur háskólanna og aðrir aðilar höfðu aðgengi að opinberum upplýsingum um stúdentahópinn.

Í apríl 2019 var EUROSTUDENT könnunin send út til stúdenta á nýjan leik. Eins og kemur fram í gæðastefnu LÍS eru haldbærar tölfræðiupplýsingar um stúdentahópinn lykilatriði til þess að mögulegt sé að móta heildstæða menntastefnu. Vinna að menntastefnu Íslands til 2030 er hafin og ætti slík vinna tvímælaust að byggjast á niðurstöðum fyrrnefndrar könnunnar. Svörun könnunarinnar liggur í höndum stúdenta og hvöttu LÍS alla stúdenta til þess að gefa sér tíma og svara henni. Sem stendur er opinber tölfræði um samsetningu hópsins og framgang í námi eða aðrar almennar upplýsingar um stúdenta af skornum skammti. Safna þarf slíkum upplýsingum með sérstöku tilliti til félagslegrar víddar (e. Social Dimension) en upplýsingar af því tagi geta gert stjórnendum háskólanna og stjórnvöldum kleift að kortleggja þær hindranir sem liggja í vegi stúdenta innan háskólakerfisins og skapa skýra aðgengisáætlun fyrir háskólakerfið með upplýstum hætti. Í samstarfi við Maskínu hannaði Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, þáverandi forseti LÍS, auglýsingar sem LÍS dreifðu á samfélagsmiðlum en eitt dæmi má sjá hér fyrir neðan.

**2.6.1.3 Skipun varafulltrúa í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema**

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema fjallar um kærur og kvartanir stúdenta í háskólum á hendur skólunum vegna málsmeðferðar og/eða ákvarðana um þeirra mál. Nefndin starfar samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglum nr. 1152/2006. Árið 2018 var Daníel

Isebarn Ágústsson skipaður sem aðalfulltrúi, og Erna Kristín Blöndal skipuð sem varafultrúi. Vegna afsagnar varafultrúa, Ernu Kristínar Blöndal, í júlí opnuðu LÍS fyrir umsóknir í fyrrnefnda stöðu í ágúst 2019. Í umsóknarferlinu var stuðst við sama vinnulag og farið var eftir árið 2018. Á þeim tíma var auglýsingin samin með aðstoð lögmanns BHM.

Umsækjendur þurftu að uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara sbr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Einnig voru eftirfarandi atriði tekin fram í hæfnisskilyrðum:

- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnslu.
- Gott vald á íslenskri tungu.
- Skipulögð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Auk þess kom fram að æskilegt væri að umækjandi hefði:

- Reynslu af störfum kær- og/eða úrskurðarnefnda.
- Þekkingu á lagaumhverfi háskóla.
- Reynslu af og/eða áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta

Umsækjendur voru alls fjórir talsins og var valið með því að fylla út hæfnismat sem sniðið var að auglýstum menntunar- og hæfniskröfum en það voru gerðar smávægilegar breytingar á hæfnismatinu frá 2018 í samráði við lögmann BHM. Dagmar Vésteinsdóttur var að lokum skipuð sem varafultrúi af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Viðauki 4: Hæfnismat er notað var við skipun í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.

2.6.1.4 Kynning á drögum að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030

Þann 30. janúar fóru Sigrún Jónsdóttir, forseti, og Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti, á fund með mennta- og menningarmálaráðherra ásamt öðrum hagaðilum. Efni fundarins voru drög að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030. Ráðherra byrjaði fundinn á því að kynna drögin og opnaði svo fyrir viðbrögð frá viðstöddum. Sigrún og Ragnhildur komu áherslum stúdenta á framfæri sem byggðar voru á stefnum samtakanna. Ánægjulegt var að sjá áherslu á jafnrétti til náms í drögunum og nefndu fulltrúar LÍS að í því samhengi væri mikilvægt að huga að aðgengi flóttafólks og innflytjenda að háskólakerfinu. Í drögunum kemur einnig fram að rík áhersla verði á geðrækt, forvarnir og stuðning við nemendur. Fulltrúar LÍS komu því inn á mikilvægi aðgengilegrar geðheilbrigðisþjónustu innan háskólastofnanna á Íslandi. Umrædd tillaga er að

mörgu leyti til hagsbóta fyrir stúdenta en það er þó eitt og annað sem þyrfti að bæta úr. Helst má nefna að í tillöguna vantar algjörlega stefnu um alþjóðavæðingu háskólakerfisins. Meiri áherslu mætti einnig leggja á umbætur í háskólakerfinu en gert er í tillögunni. Eftir fundinn voru áherslur stúdenta vegna draganna sendar til ráðuneytisins til frekari úrvinnslu.

2.6.2 Samstarf við BHM

2.6.2.1 Samningaviðræður

Þann 1. júlí undirrituðu Sonja Björg Jóhannsdóttir, þáverandi forseti LÍŠ, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags Háskólamanna (BHM), nýjan samstarfssamning milli félaganna tveggja. Samningnum svipaði til fyrri samstarfssamninga en BHM og LÍŠ hafa átt í farsælu samstarfi síðastliðin ár. Markmið samstarfsins er sem fyrr að efla þekkingu stúdenta á kjara- og réttindamálum á vinnumarkaði og vinna saman að stefnumótun um sameiginleg hagsmunamál.

Nýr liður í samningnum var samstarfsverkefni milli LÍŠ og BHM sem felst í að skapa fræðslumyndbönd um kjara- og réttindamál háskólamenntaðra á vinnumarkaði, en undirbúningsvinna þessa verkefnis hófst á síðasta starfsári. Það er dýrmætt að fá tækifæri til þess að vinna verkefni af þessu tagi með BHM og eru LÍŠ þakklát fyrir það góða samstarf sem hefur ríkt.



2.6.2.2 Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða

Samkvæmt samningi LÍŠ og BHM fá LÍŠ afnot af skrifstofuaðstöðu BHM. Einnig hafa samtökin aðgang að fundaraðstöðu og kaffistofu sem og annarri þjónustu. Í september 2019 fluttu LÍŠ skrifstofu sína af þriðju hæð í Borgartúni og upp á fjórðu hæð. Skrifstofuaðstaðan hefur komið sér vel og sömuleiðis fundaraðstaðan en allir fundir framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs hafa verið haldnir í fundaraðstöðu BHM. Eins nýttu nefndir samtakanna sér fundaraðstöðuna töluvert. Nálægðin við BHM gefur félögunum tveimur fjölmörg tækifæri til þess að deila þekkingu sín á milli og eru samtökin lánsöm að eiga svo góðan samstarfsaðila.

2.6.2.3 Fræðsluherferð um kjaramál á vinnumarkaði

Samkvæmt samningi eiga félögin að standa sameiginlega að kynningu á kjara- og réttindamálum háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Á síðasta starfsári ákváðu félögin tvö því að fara saman í fræðsluherferð um kjara- og réttindamál. Herferðin var birt í lok janúar 2020 og samanstendur af leiknum myndböndum með samtali þar sem fyrrnefnd málefni eru rædd. Sahara, auglýsingastofa, sá um gerð markaðsefnis og áætlunar fyrir dreifingu á samfélagsmiðlum.

2.6.3 Samstarf við SÍF

2.6.3.1 Hakkapön: Brúum bilið

Á seinasta starfsári tóku stjórnir LÍŠ og Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) ákvörðun um að halda sameiginlegt hakkapön sem hafði það að markmiði að greina þær hindranir sem standa í vegi erlendra nemenda sem stunda nám í framhalds- og háskólum á Íslandi og vinna að raunhæfum lausnum við þeim. Skilyrði hakkapönsins er að íslenskir og erlendir nemendur vinni saman í nokkrum liðum að fyrrnefndum markmiðum. Í hakkapöninu munu þátttakendur fá fræðslu um stöðu nemenda með erlendan bakgrunn og þær áskoranir sem þeim mæta í íslensku skólakerfi. Einnig fá þátttakendur tækifæri til að læra grunnfræðin í verkefnastjórnun og gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana til að aðstoða þá við að framkvæma þær lausnir sem þeir leggja fram.

Félögin sóttu um styrk frá Together Moving Forward og OBESSU og hlutu styrk upp á 10.000 evrur. Verkefnið tafðist aðeins vegna stjórnarskipta, fyrst hjá LÍŠ og seinna hjá SÍF. Það var því ekki fyrr en í september sem hafist var handa við að skipuleggja hakkapönið. Þá var enn stefnan að halda hakkapönið í október en vegna tímaskorts var tekin ákvörðun að fresta því til byrjun nóvembers. Ráðinn var inn verkefnastjóri, hún Kristjana Björk Barðdal, sem er einnig

framkvæmdastjóri Reboot Hack, til að hafa yfirumsjón með verkefninu og sinna því fyrst og fremst að leita að styrkjum fyrir verðlaunaféið. Því miður þá gekk illa að fá styrki fyrir verðlaunaféinu og þegar fór að líða að viðburðinum kom í ljós að ekki var nægur tími til að skipuleggja viðburðinn til fulls. Það var því tekin ákvörðun að hætta við hakaþonið og endurgreiða styrkinn til Together Moving Forward og OBESSU.

Svo fór þó ekki þar sem styrktaraðilarnir vildu endilega að verkefnið héldi áfram, því fengum við leyfi fyrir því að fresta hakaþoninu til mars 2020 og mun það því vera haldið helgina 14. til 15. mars. Við höfum nú ráðið inn nýjan verkefnastjóra, hana Sigrúnu Sayeh Valadbeygi, sem stýrir verkefninu og vinnum hörðum höndum að því að tryggja styrki fyrir verðlaunaféi hakaþonsins.

2.6.4 Stuðningur við aðildarfélög

Samkvæmt lögum LÍS ber varaforseti ábyrgð á samskiptum við aðildarfélög og vinnu á milli LÍS og aðildarfélaganna sem snýr að uppbyggingu innra starfs samtakanna sem og aðildarfélaganna, sé þess óskað af þeim. Á starfsárinu var ákveðið að skýra betur frá því hvernig varaforseti gæti verið aðildarfélögunum innan handar og markmið sett um að LÍS aðstoði aðildarfélögum sínum við að koma á allavega einu launuðu embætti innan hvers félags. NLBHÍ hefur nú þegar opnað á samtalið um launaða stöðu við sín skólayfirvöld eftir að umræðan hófst innan samtakanna sem er mikið fagnaðarefni. Einnig átti sér stað áframhaldandi vinna að mótun nemendaráðs við LHÍ og standa viðræður enn yfir við skólayfirvöld um samning milli háskólans og stúdenta. Sýnd hefur verið velvild um að einstaklingar sem sinna stöðu innan nemendaráðsins borgi aðeins hluta af skólagjöldum að LHÍ.

3 Viðburðir LÍS

3.1 Fundir, ráðstefnur og málþing

3.1.1 Fræðslukvöld LÍS

Fyrsta fræðslukvöld starfsársins fór fram þann 6. nóvember 2019 í fundaraðstöðu BHM og fjallaði um andlega heilsu stúdenta. Yfirheiti viðburðarins var „Hlúum að geðheilsunni” og fengu samtökin til sín góða gesti sem kynntu sig og sín verkefni tengd geðheilbrigði. Hugrún - geðfræðslufélag fjallaði um uppbyggingu og starfsemi félagsins. Lýðheilsufélag Félags læknanema fjallaði um verkefnið sitt „Sjálfselsk” og Sirrý Arnardóttir kynnti bókina sína „Þegar kona brotnar - og leiðin út í lífið á ný”.

Vegna óvæntra skipta á forseta og varaforseta LÍS var einungis eitt fræðslukvöld haldið á haustönn.

Seinna fræðslukvöld starfsársins var unnið í samvinnu við Íslandsdeild Amnesty International og var um mannréttindafræðslu að ræða. Fræðslukvöldið var haldið þann 20. febrúar 2020 á Stúdentakjallaranum. Hera Sigurðardóttir, ungliða- og aðgerðastýra deildarinnar, og Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, ungliði og aðgerðasinni, fræddu viðstadda um mannréttindi og mannréttindabaráttu. Fræðslan fór fram á Stúdentakjallaranum og hlýddi fjöldi fólks á fræðslu Heru og Þórhildar.

Þriðja fræðslukvöldið fer að öllum líkindum fram í apríl eða maí. Helst eru uppi hugmyndir um fræðslukvöld um Alþingi og það hvernig hagsmunasamtök geta nýtt sér þetta æðsta vald landsins til þess að koma sínum stefnumálum á framfæri.

3.1.2 Málstofa Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs

Fulltrúar LÍS í Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla voru ábyrgir fyrir skipulagi árlegrar málstofu nefndarinnar sem fram fór 23. janúar 2020 í Veröld – Húsi Vigdísar. Yfirskrift málstofunnar var „Internationalisation of Icelandic Universities: How do we ensure the quality of learning and teaching of international students in Icelandic HEI?“ Samtökin lögðu til að málstofan myndi fjalla um hvernig tryggja mætti gæði náms og kennslu alþjóðlegra stúdenta í íslenska háskólakerfinu. Þessi hópur fer sístækkandi í ljósi aukinnar áherslu á alþjóðavæðingu í háskólasamfélaginu. Hann er hins vegar samsettur úr fjölbættum hópi með ólíkan bakgrunn og

þarfir. Hér má nefna skiptinema úr öðrum erlendum háskólum sem hingað koma til náms í skamman tíma, stúdenta sem eru hér í fullu námi og útskrifast frá íslenskum háskóla, innflytjendur og börn þeirra og loks flóttafólk. Á málstofunni var reynt að varpa ljósi á þá þætti sem skipta máli við aðlögun alþjóðlegra stúdenta að námsumhverfinu til þess að tryggja að námið mæti væntingum þeirra og verði þeim til gagns. Málstofan fór fram á ensku.

Eygló María Björnsdóttir, gæðastjóri LÍS, og Jóhanna Ásgeirsdóttir, alþjóðafulltrúi LÍS, opnuðu málstofuna með kynningu á alþjóða- og gæðastefnu LÍS. Aníta Hannesdóttir, verkefnastjóri á alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, fjallaði síðan um móttöku alþjóðlegra stúdenta við skólann. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor við menntavísindasvið HÍ, og Artëm Ingmar Benediktsson, doktorsnemi við menntavísindasvið HÍ, kynntu niðurstöður úr rannsóknarverkefninu sínu “Educational Aspirations, Opportunities and Challenges for Immigrants in University Education in Iceland”. Sigríður Geirsdóttir, verkefnastjóri á sviði gæða, kennslu og rannsókna við Listaháskóla Íslands, og Þorgerður Edda Hall, verkefnastjóri á alþjóðaskrifstofu LHÍ, fjölluðu um reynslu stúdenta og kennara á alþjóðavæðingu innan skólans. Seinasta erindi dagsins var Kolfinna Tómasdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ, sem fjallaði um starf hennar og þær áskoranir sem erlendir stúdentar innan HÍ verða fyrir, sem og þau verkefni sem hún hefur tekið að sér sem fyrsti alþjóðafulltrúi SHÍ sem fær laun greidd fyrir störf sín.

Alþjóðanefnd sá um skipulag og framkvæmd umræðna á málstofunni. Í umræðum nýtti nefndin World Café fyrirkomulag, þar sem borðastjórar stýra umræðum í nokkrum litlum hópum. Umræðuefni voru ákveðin í samráði við Ráðgjafarnefnd og alþjóðaskrifstofur háskólanna. Markmiðið með umræðunum var að safna saman mögulegum lausnum á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir fullri þátttöku alþjóðlegra stúdenta í íslensku háskólasamfélagi. Umræðuefnin snéru að tungumálhindrunum í kennslu og við upplýsingaflæði, stuðningi við stúdenta og því hvernig megi ná til alþjóðlegra stúdenta. Um það bil 20 einstaklingar tóku þátt, bæði stúdentar og starfsfólk frá mismunandi skólum, og hefur hugmyndunum sem komu fram verið safnað saman. Hugmyndirnar verða nýttar í að vinna með alþjóðaskrifstofum háskólanna að lausnum við mögulegum hindrunum innan þeirra stofnanna.

3.1.3 Vinnuþing

3.1.3.1 Skiptaþing

Helgina 24. til 26. maí 2019 fór skiptaþing LÍŠ fram. Þetta er í annað skipti sem slíkur viðburður er haldinn frá stofnun LÍŠ. Þingið hófst á skiptafundi í Reykjavík þar sem fráfarandi forseti LÍŠ, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, afhenti nýjum forseta, Sonju Björg Jóhannsdóttur, keflið. Því næst var haldið á Varmaland í Borgarbyggð þar sem dagskrá helgarinnar hélt áfram.

Áhersla var lögð á að fráfarandi meðlimir LÍŠ deildu reynslu og þekkingu sinni með nýjum meðlimum LÍŠ. Dagskrá þingsins innihélt fyrirlestra, vinnustofur og að sjálfsögðu hópefli. Markmið þingsins var að undirbúa nýja framkvæmdastjórn og fulltrúaráð svo þau yrðu í stakk búin til að takast á við verkefni og hagsmunabaráttu komandi starfsárs. Fráfarandi framkvæmdastjórn lagði ýmis raunhæf verkefni fyrir nýja framkvæmdastjórn sem hún átti að leysa hratt og örugglega. Framkvæmdastjórn þurfti til dæmis að bregðast við breyttum úthlutunarreglum LÍN árið 2020, rýna í fjárlög og mynda sér álit á stórri breytingu á háskólakerfinu sem kæmi sér illa fyrir stúdenta.

3.1.3.2 Haustþing

Haustþing LÍŠ fór fram helgina 9. til 11. ágúst 2019 í skrifstofuhúsnæði samtakanna. Tilgangur þingsins var að efla samvinnu fyrir haustönnuna og tryggja að öll verkefni verkáætlunar yrðu sett í framkvæmd. Hvert embætti innan framkvæmdastjórnar kynnti verkefnin sem þeim var úthlutað í verkáætlun og skipulagði vinnustofu þar sem grunnurinn að framkvæmd hvers verkefnis fyrir sig var lagður. Þingið gekk vel fyrir sig og blés kraft í brjóst framkvæmdastjórnar fyrir komandi tímum.

Viðauki 5: Fundargerð haustþings


3.1.3.3 Nýársþing

Nýársþing LÍŠ fór fram helgina 11. til 12. janúar en Sigrún Jónsdóttir, forseti, setti þingið á laugardagsmorgni í blásandi hvítu janúarveðri. Þingið átti að halda á Hvanneyri en gul viðvörun frá Veðurstofu Íslands varð til þess að þingið var það fært í höfuðstöðvar LÍŠ í Borgartúni. Á dagskrá þingsins var helst að fara yfir verkefni síðasta árs og þau verkefni sem biðu LÍŠ á nýju ár, til að mynda herferðina sem samtökin réðust í vegna fyrirhugaðra breytinga á LÍN sem boðaðar eru í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna. Anastasía Jónsdóttir, jafnréttisfulltrúi, og Jóhanna

Ásgeirsdóttir, alþjóðafulltrúi, fóru yfir vinnu sína við „Student Refugees“ verkefnið. Eygló María Björnsdóttir, gæðastjóri LÍŠ, kynnti fyrir gestum þingsins stöðu Íslands í „Bologna Process“ sáttmálanum. Bologna yfirlýsingin, sem var samþykkt árið 1999 af 29 löndum í Evrópu, felur í sér að skapa evrópskt menntasvæði á háskólastigi til að auðvelda



nemendum, kennurum og fræðimönnum að flytja sig á milli Evrópulanda til að nema og starfa utan heimalands síns. Eygló fór einnig yfir vinnuna sem er verið að kljást við þegar kemur að gæðamálum í háskólum Íslands. Guðbjartur Karl Reynisson, markaðsstjóri, fór yfir þau verkefni sem biðu markaðsnefnd á nýju ári, til að mynda Framadaga. Síðasta verkefni helgarinnar snéri að því hver herferð samtakanna á nýju ári yrði. Í verkáætlun fyrir starfsárið 2019-2020 kemur fram að LÍŠ muni ráðast í tvær herferðir á starfsárinu. Nú þegar hafa samtökin ýtt úr vör fyrstu herferðinni sem snýst um frumvarp um Menntasjóð námsmanna. Seinni herferðinni er ætlað að



leggja annað hvort áherslu á fjölskyldu- eða geðheilbrigðismál í háskólasamfélaginu. Í verkáætlun kemur fram að það sé undir fulltrúaráði komið að taka afstöðu til þess hvort málefnið verði fyrir valinu. Anastasía og Sigrún stóðu því fyrir vinnustofum þar sem málefnið tvö voru rædd. Að lokinni hugmyndavinnu steig Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti, í pontu og

fór yfir þær breytingar sem lagt verður til að verði gerðar á lögum LÍŠ á landsþingi.

Viðauki 6: Fundargerð nýársþings

3.1.3.4 Landsþing LÍŠ 2020

Í ár fer landsþing LÍŠ fram á Akureyri frá 6. til 8. mars 2020. Þema þingsins er Velferðarmál - Í nærumhverfi stúdenta. Í ár var skipulag landsþings í höndum landsþingsnefndar, er það í fyrsta skipti sem slíkt fyrirkomulag er viðhaft. Síðastliðin ár hafa aðildarfélögin skipst á að skipuleggja landsþing í samvinnu við framkvæmdastjórn. Samkvæmt lögum LÍŠ sitja forseti, fjáröflunarstjóri,

markaðsstjóri og framkvæmdarstjóri í landsþingsnefnd. Þá er hverju aðildarfélagi heimilt að skipa einn fulltrúa í nefndina sem forseti óskar eftir á fundi fulltrúaráðs. NFHB skipaði Jóhann Benedikt Eðvarðsson og SHA skipaði Steinunni Öldu Gunnarsdóttur. Kosið var um þema þingsins á meðal fulltrúaráðs og var ákveðið að tímabært væri að taka fyrir velferðarmál stúdenta. Í byrjun október 2019 var styrktarumsókn skilað til Erasmus+ og í upphafi desember barst framkvæmdastjórn svar um að umsóknin hafi verið samþykkt. Þetta létti verulega undir með fjármögnun þingsins, en með þessu móti var fjármögnun komin langleiðina.



Velferðarmál eru viðamikill málaflokkur en áhersla verður lögð á lánasjóðs-, húsnæðis- og heilbrigðismál með áherslu á nærumhverfi stúdenta. Stefnumótunarvinna þingsins mun samanstanda af fyrirlestrum frá sérfræðingum á hverju sviði og vinnustofum. Afrakstur vinnustofanna verður síðan nýttur í skrifum á velferðarstefnu LÍŠ á næsta starfsári. Á landsþingi verða lagðar fram tvær nýjar stefnur. Annars vegar sjálfbærnistefna LÍŠ og hins vegar innri stefna. Verk- og fjárhagsáætlun verða lagðar fyrir landsþing í annað sinn en það var í fyrsta skipti á landsþingi 2019 sem verk- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir. Aðrir fastir liðir verða teknir fyrir eins og lagabreytingar, mál að ósk aðildarfélaga og kosningar í embætti framkvæmdastjórnar.

4 Alþjóðamál

4.1 Almennt

Alþjóðanefnd átti sjö fundi yfir árið frá október til janúars. Alþjóðanefnd sá um skipulag vinnustofa á málstofu Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs þann 23. janúar 2020. Sjá nánar [hér](#). Önnur störf fólu í sér undirbúning og úrvinnslu fyrir ráðstefnur erlendis. Fyrir stjórnarfund Evrópusamtaka stúdenta (ESU) var nefndarmeðlimum úthlutað gögnum til yfirferðar og gerðu samantektir á innihaldi þeirra fyrir þá fulltrúa sem fóru fyrir hönd LÍŠ á ráðstefnuna. Nefndin fór yfir lagabreytingatillögur á lögum ESU, báru saman við lög og stefnur LÍŠ og tóku afstöðu gagnvart hverri tillögu fyrir sig.

4.2 Alþjóðanefnd

Nefndarmeðlimir:

Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti

Donika Kolica

India Bríet Böðvarsdóttir Terry

Salóme Sirapat Friðriksdóttir

Úlfur Atli Stefaníuson

4.3 Vinnufundur um stefnu LHÍ um alþjóðavæðingu

Í janúar hafði alþjóðaskrifstofa LHÍ samband við LÍŠ og bauð samtökunum að koma að skipulagi stefnumótunarfundar fyrir nemendur LHÍ. Alþjóðaskrifstofan er um þessar mundir að skrifa stefnu LHÍ um alþjóðavæðingu og leitaði til LÍŠ þar sem samtökin hafa nú þegar sett sér stefnu um alþjóðavæðingu háskólakerfisins. Fundurinn fór fram í lok janúar í Laugarnesi og hófst á kynningu frá Massimo Santanicchia, fagstjóra í arkitektúr við LHÍ, sem gaf viðstöddum innsýn inn í hvað alþjóðavæðing er. Jóhanna, alþjóðafulltrúi, og Sigrún, forseti, kynntu því næst stefnu LÍŠ um alþjóðavæðingu. Eftir kynningarnar voru vinnustofur og voru umræðuefnin ákveðin í samráði við alþjóðaskrifstofu LHÍ. World Café fyrirkomulagið var nýtt í vinnustofunum þar sem borðastjórar stýrðu umræðum í nokkrum litlum hópum.

4.4 Fundir og ráðstefnur 2019-2020

4.4.1 ESC38

Nafn fulltrúa: Jóhanna Ásgeirsdóttir og Sonja Björg Írisar Jóhannsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Helsinki, Finnlandi

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: SYL

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Students' Convention 38

Yfirskrift: European Education 2030

Viðauki 7: Skýrsla ESC38

4.4.2 NAIS2

Nafn fulltrúa: Jóhanna Ásgeirsdóttir og Eygló María Björnsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Torshavn, Færeyjum

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: MFS

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: North Atlantic Island Student 2

Yfirskrift: Distance Learning

Viðauki 8: Skýrsla NAIS2

4.4.3 NOM76

Nafn fulltrúa: Jóhanna Ásgeirsdóttir og Eygló María Björnsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Torshavn, Færeyjum

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: MFS

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Nordiskt Ordförande Möte 76

Yfirskrift: Mental Health within Higher Education systems og Challenges of Bologna in Microstates

Viðauki 9: Skýrsla NOM76

4.4.4 BM77

Nafn fulltrúa: Jóhanna Ásgeirsdóttir, Ragnhildur Þrastardóttir og Sýlvía Lind Jóhannesdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Möltu

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: KSU

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Student's Union Board Meeting 77

Viðauki 10: Skýrsla BM77

4.4.5 ESC39

Nafn fulltrúa: Jóhanna Ásgeirsdóttir og Hjördís Sveinsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Kýpur

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: POFEN

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Students' Convention 39

Skýrsla væntanleg

4.4.6 Ráðstefnur eftir landsþing

Þrjár ráðstefnur fara fram eftir landsþing. Það eru NAIS3 sem fer fram í Danmörku og verður haldið af AVALAK, NOM77 sem fer fram í Noregi og verður haldið af NSO og BM78 sem fer fram í Króatíu og verður haldið af CSC.

5 Gæðamál

5.1 Almennt

Gæðastarf þetta starfsárið einkenndist að mörgu leyti af áframhaldandi verkefnum fyrri ára, en gæðanefndin þetta árið var fremur fámenn og því ekki auðvelt að taka mörg verkefni fyrir. Samtökin héldu áfram að kynna innihald stefnu sinnar um gæði í íslensku háskólasamfélagi með hlaðvarpsþáttunum „Stúdentaspjallið“ sem litu dagsins ljós starfsárið 2018-2019. Áfram var unnið að samkomulagi á milli háskóla og stúdenta um stúdentafulltrúa en stefnt er að því að samkomulagið, eða stefnan, verði lögð fram á næsta landsþingi, árið 2021. Á starfsárinu tilnefndu samtökin bæði nýjan aðalfulltrúa og áheyrnarfulltrúa stúdenta í Gæðaráð íslenskra háskóla. Einnig áttu sér stað tvær stofnanaúttektir á starfsárinu og tilnefndu samtökin stúdentafulltrúa í báðar úttektirnar að venju. Nýtt verkefni fæddist á starfsárinu en á næsta starfsári er stefnt að því að bjóða upp á námskeið á vegum samtakanna sem byggt verður á leiðarvísi stúdenta um gæðastarf háskólanna. Bæði leiðarvísirinn og gæðastefnan voru þýdd yfir á ensku samkvæmt BORE verkefni fyrra árs en þar að auki tóku samtökin þátt í skipulagningu málstofu á vegum ráðgjafarnefndar Gæðaráðs sem fjallaði um það hvernig tryggja eigi gæði náms erlendra stúdenta sem stunda nám hérlendis.

5.2 Gæðanefnd

Nefndarmeðlimir:

Eygló María Björnsdóttir, forseti

Hjördís Sveinsdóttir

Kara Magnúsdóttir

5.3 Stúdentaspjallið: „Hvað eru eiginlega gæði náms?“

Stúdentaspjallið er hlaðvarp LÍŠ sem leit dagsins ljós í nóvember 2018, þar sem fjallað er um ýmis málefni stúdenta. Markmið þáttanna er að vekja athygli á gæðamálum háskólanna og fjalla um þau á einfaldan og skemmtilegan hátt en stefna samtakanna um gæði í íslensku háskólasamfélagi, leiðarvísirinn og önnur gögn eru höfð til hliðsjónar við gerð þáttanna. Í upphafi starfsárs var hafist handa við að vinna úr upptökum seinni þáttar, þar sem þáttastjórnandinn, Pétur Marteinn Urbancic

Tómasson, leiddi umræður við Jón Atla Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. Fór sá þattur í loftið í nóvember 2019 og fylgdu þar á eftir þrír þættir til viðbótar þar sem nýr þáttastjórnandi, Guðbjartur Karl Reynisson, sem einnig sinnir hlutverki markaðsstjóra samtakanna, stýrði þáttunum.

Umræðuefni þáttanna beinast helst að sjónarhorni stúdenta á mismunandi hliðar gæðamála háskólanna. Kemur þar margt í ljós og er afar fróðlegt að hlusta á reynslusögur stúdenta í tengslum við gæðamál. Áheyrendur fá að kynnast því hvernig það er að sitja í stjórn stúdentasamtaka, að taka þátt í gæðaúttektum og almennt um það hvernig hægt er að hafa áhrif á gæði náms í mismunandi aðstæðum. Þetta verkefni hefur reynst samtökunnum vel og fær hlaðvarpið mikla athygli hérlendis og þá sérstaklega fyrsti þátturinn sem nær yfir marga fleti umræðuefnisins.

5.4 Samkomulag á milli háskóla og stúdenta um stúdentafulltrúa

Á þessu starfsári var haldið áfram með vinnu að gerð samkomulags milli stúdenta og háskóla um þátttöku stúdenta á jafningjagrundvelli. Verkefnið er að írskri fyrirmynd og heitir þar [Student Partnership Policy - Trinity College Dublin](#). Tilgangur með slíku samkomulagi er annars vegar að samræma starf stúdentafulltrúa á landsvisu og hins vegar að styrkja stöðu þeirra sem virka samstarfsaðila í öllu starfi háskólanna. Þá er liður í þessari vinnu að samstillja og einfalda boðleiðir stúdentafulltrúa bæði innan háskólanna og í samstarfi við LÍS með gerð skipurits/skema. Lagt er upp með að samkomulagið verði lagt fyrir öll aðildarfélögin til samþykktar. Verkefnið er viðamikilið og var þar af leiðandi ekki klárað á starfsárinu. Næsta gæðastjóra verður falið að halda áfram með verkefnið á næsta starfsári í samvinnu við varaforseta. Verkáætlun hefur verið lögð fyrir og munu gæðastjóri og varaforseti taka við verkefninu og fylgja áætluninni eftir.

5.5 Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs Íslenskra Háskóla

Fulltrúar LÍS í Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla voru Eygló María Björnsdóttir, gæðastjóri, og Sonja Björg Jóhannsdóttir, fram til lok október, þegar Sigrún Jónsdóttir tók bæði við starfi forseta og sæti Sonju í Ráðgjafarnefnd. Nefndin fundar einu sinni í mánuði og myndar þannig samráðsvettvang milli allra gæðastjóra háskólanna, fulltrúa ráðuneytisins og LÍS. Hlutverk nefndarinnar er í grunninn að deila reynslu og þekkingu á gæðamálum á milli nefndarmeðlima. Á þessu starfsári voru ýmis umræðuefni tekin fyrir en einna helst átti sér stað umræða um samráð

Færeyja og Grænlands við Ráðgjafarnefndina en bæði löndin horfa til Íslands sem fyrirmynd í gæðamálum og verður þetta samráð nýtt sem tækifæri fyrir upplýsingaflæði á milli landanna. Þar að auki fór mikil vinna í skipulagningu á málstofu sem LÍŠ stóð fyrir um hvernig megi efla gæði náms fyrir erlenda stúdenta á Íslandi en frekari upplýsingar má finna hér. Samræming orðalags í gæðamálum var einnig tekin fyrir en það verkefni hefur verið í vinnslu síðan á síðasta starfsári. Einnig hefur Ráðgjafarnefndin rætt sín á milli viðfangsefni málstofu gæðaráðs sem haldin verður í maí 2020. Þátttaka í nefndinni gefur af sér gríðarlega mikla þekkingu á íslenska háskólakerfinu og því hefur sú skipan verið undanfarin ár að með gæðastjóra sitji forseti samtakanna einnig í nefndinni en það hefur reynst LÍŠ einstaklega vel.

5.6 Gæðaráð íslenskra háskóla

Í Gæðaráð íslenskra háskóla skipa LÍŠ tvo fulltrúa stúdenta, bæði fullgildan meðlim og áheyrnarfulltrúa, til tveggja ára. Fullgildur meðlimur stúdenta er ávalt erlendur stúdent en við afsögn hans í janúar 2019 tók Erna Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi, tímabundið við sem fullgildur meðlimur í ráðinu þar til í júní 2019 þegar LÍŠ tilefndi Oisín Hassan til tveggja ára setu. Erna kvaddi ráðið í nóvember 2019 eftir tvö og hálf ár. Í kjölfarið tilnefndu LÍŠ nýjan áheyrnarfulltrúa, Aldísi Mjöll Geirsdóttur, sem mun sitja í ráðinu næstu tvö árin.

Umsóknarferli fullgilda meðlimisins hófst á síðasta starfsári og tók þá núverandi stjórn við ferlinu en þó í samvinnu við fráfarandi stjórn. Auglýsti LÍŠ eftir meðlim í gegnum Evrópusamtök stúdenta (ESU) og bárust þó nokkrar umsóknir. Setti LÍŠ upp teymi af stúdentum úr bæði núverandi og fráfarandi framkvæmdastjórn til að fara yfir umsóknir og var stuðst við hæfnismati í valferlinu. Var það Oisín Hassan sem stóð upp úr hópi umsækjanda en hann hefur töluverða reynslu af gæðamálum og hefur setið í samskonar gæðaráði í sínu heimalandi. Þar að auki hefur Oisín reynslu af “Student Partnership Policy” sem nefnt er hér að ofan og taldi LÍŠ það koma samtökunum að miklu gagni.

Quality Enhancement Framework 2nd cycle (QEF II) hélt áfram þetta árið. Fyrsta stofnanaúttektin hófst haustið 2018 og beindist hún að Háskólanum í Reykjavík. Í nóvember 2019 fór fram úttekt á Háskólanum á Hólum og í mars 2020 verður úttekt gerð á Háskóla Íslands. Í framhaldinu verður úttekt gerð á Háskólanum á Bifröst haustið 2020, síðan Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands árið þar á eftir. Að lokum verður úttekt gerð á Landbúnaðarháskóli Íslands.

LÍŠ tilnefna stúdent í stofnanaúttektarteymi hveurrar úttektar úr hópi stúdenta frá aðildarfélagum LÍŠ og var tilnefndur stúdent fyrir stofnanaúttekt Í HR á þessu starfsári. Teitur Erlingsson var skipaður í stofnanaúttekt á Háskólanum á Hólum og Bjarki Þór Grönfeldt í stofnanaúttekt á Háskóla Íslands.

Gæðaráðið hélt ráðstefnu hér á landi en LÍŠ tók þar þátt í pallborðsumræðum. Hægt er að kynna sér ráðstefnuna og þáttöku LÍŠ [hér](#).

5.7 Gæðanámskeið stúdenta

Á þessu starfsári hóf gæðanefnd undirbúning gæðanámskeiðs sem byggir á leiðarvísi stúdenta um gæðaúttektir á Íslandi. Mun námskeiðið vera í boði fyrir alla stúdenta og gefur þeim tækifæri á að kynnast gæðaúttektum og ferlinu sem þar á sér stað. Markmið námskeiðsins er að undirbúa áhugasama nemendur fyrir þáttöku í gæðaúttektum og að veita þeim eins konar viðurkenningu á slíkri reynslu. Mun næsti gæðastjóri taka við þessu verkefni og þróa hugmyndina betur í samstarfi við Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs, Gæðaráð og LÍŠ. Er verkefnið enn á byrjunarstigi en innblástur að verkefninu kom frá “Student Expert Pool ESU” þar sem stúdentar geta sótt námskeið í gæðamálum og fá þeir forgang í að bjóða sig fram í gæðaúttektir út um alla Evrópu. Er vonin að námskeiðið muni verða til þess að slíkur hópur verði starfræktur hérlendis.

6 Jafnréttismál


6.1 Almennt

Starfsár jafnréttisnefndar 2019-2020 gekk sæmilega og fundaði nefndin að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði. Skipulagðir fundir voru samtals tíu talsins yfir starfsárið.

Starfsár jafnréttisfulltrúa byrjaði með stuttri heimsókn Anastasíu Jónsdóttur, nýkjörins jafnréttisfulltrúa, og Sonju Bjargar Jóhannsdóttur, nýkjörins forseta og fyrrum jafnréttisfulltrúa, á samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna. Þar ræddu Anastasía og Sonja áætlanir LÍS í jafnréttismálum á komandi starfsári og áframhaldandi samvinnu jafnréttisfulltrúa LÍS og jafnréttisfulltrúa háskólanna.

Í október 2019 var síðan síðasti samráðsfundur jafnréttisfulltrúa háskólanna á því ári. Fundurinn var haldin á Hólum og tók jafnréttisfulltrúi LÍS þátt í honum. Á þeim fundi kynnti jafnréttisfulltrúi LÍS þær framfarir sem höfðu átt sér stað í “Student Refugees Iceland” verkefningu og nefndi hugmyndina að sameiginlegum fundum jafnréttisnefnda stúdenta. Jafnréttisfulltrúar háskólanna tóku vel í hugmyndina og leist vel á að jafnréttisfulltrúi LÍS myndi safna saman niðurstöðum þeirra funda og kynna reglulega fyrir samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna hvað væri um að vera hjá jafnréttisnefndum stúdenta. Þann 5. mars, degi fyrir Landsþing, verður síðan aftur haldinn samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna og mun Anastasía kynna þá vinnu sem LÍS hefur unnið í jafnréttismálum frá því á seinasta fundi.

LÍS tóku einnig þátt í Gleðigöngunni í ágúst samhliða SHÍ. Nokkrum dögum fyrir gönguna fór fram skiltagerð á Stúdentakjallaranum. Með þátttöku sinni vildu félögin vekja athygli á því að jafnréttisbarátta hinsegin fólks er ekki á fyrirmyndarstað.



6.2 Jafnréttisnefnd

Nefndar meðlimir:

Anastasía Jónsdóttir, forseti

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Hjördís Sveinsdóttir

6.3 Fundur með rektor HÍ vegna stuðningsyfirlýsingar LÍŠ við bréfi jafnréttisnefndar KÍ

Í september 2019 gáfu LÍŠ út stuðningsyfirlýsingu vegna bréfs jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands (KÍ) sem laut að kröfu um að kynjafræði yrði skyldufag í kennaranámi. Í stuðningsyfirlýsingunni hvatti LÍŠ rektora sem og stjórnendur háskólanna til þess að hlusta á jafnréttisnefnd KÍ og auka fræðslu í jafnréttismálum í kennaranámi. Það er gífurlega mikilvægt að lögð sé áhersla á jafnréttisfræðslu og kynjafræði, ekki bara í kennaranámi heldur einnig í endurmenntun kennara, svo kennarar geti uppfært kennsluaðferðir sínar í takt við tímann og síbreytandi samfélag. Í kjölfar stuðningsyfirlýsingarinnar var fulltrúum LÍŠ boðið á fund með Jóni Atla Benediktssyni, rektori Háskóla Íslands (HÍ), ásamt Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektror kennslu og þróunar, og Kolbrúnu Þorbjörgu Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs HÍ. Fulltrúar LÍŠ á fundinum voru Anastasía Jónsdóttir, jafnréttisfulltrúi, og Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti. Fundurinn var stuttur en hnitmiðaður þar sem fulltrúar LÍŠ fundu mikinn meðbyr með stuðningsyfirlýsingunni. Þar var einnig rætt um mikilvægi þess að taka upp áfanga sem sneri að jafnrétti almennt. Kolbrún nefndi sérstaklega að sífellt væri þörf á fræðslu um jafnrétti hvað snertir fólk af mismunandi uppruna. Jafnrétti kynjanna myndi þó ávallt taka stórt pláss í jafnréttisfræðslu. Kolbrún nefndi einnig að þó umræðan væri ekki ný þá væri komið meira skrið á þessi mál núna og að viljinn fyrir slíkri fræðslu sé mikill.

6.4 Sameiginlegur fundur jafnréttisnefnda- og fulltrúa

Í janúar 2020 var haldinn sameiginlegur fundur jafnréttisnefnda og -fulltrúa. Jafnréttisnefndum og fulltrúum stúdenta allra háskólanna var boðið að mæta á þann fund. Markmið fundarins var að auka samstarf meðal jafnréttisnefnda og -fulltrúa stúdenta allra háskólanna og stuðla að auknu upplýsingaflæði meðal þeirra. Þar sem jafnréttisfulltrúi LÍŠ hefur nú hlotið ákveðna stöðu sem fulltrúi stúdenta í jafnréttismálum á samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna, þótti kjörið að

stúdentar skipulögðu svipaðan fund sín á milli svo jafnréttisfulltrúi hefði í höndum kröfur jafnréttisnefnda og -fulltrúa stúdenta. Á fundinum kynntu jafnréttisnefndir og -fulltrúar sín störf innan sinna háskóla.

6.5 Réttinda-Ronja

6.5.1 Almenn

Árið 2019 var stórt hjá Réttinda-Ronju. Heimasíða verkefnisins fékk loksins á sig almennilega mynd og gagnagrunnurinn, sem er uppistaða síðunnar, var settur upp. Mikil næmnisvinna átti sér stað ásamt því að byrjað var að leita að einstaklingum til þess að líta yfir heimasíðuna. Það er mikilvægt að heimasíðan fái prófun frá einstaklingum sem að koma til með að nýta sér síðuna seinna meir. Þrír formlegir fundir voru haldnir með Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og þá sérstaklega málefnaþóp um menntun sem að starfar innan ÖBÍ. Mikil hvatning fékkst frá hópnum og hafa þau lagt mikið til verkefnisins. Í mars kláraði Pétur Húni, vefhönnuður, sinn hluta verkefnisins og fékk hann greitt fyrir. Heimasíðan var komin í nokkuð endanlega mynd í lok árs 2019 en beðið er eftir málþingi á vegum ÖBÍ á árinu 2020 til þess að frumsýna og kynna heimasíðuna formlega. Alex Giannakos og Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir hafa unnið verk 2019, ásamt Pétri Húna fyrstu þrjá mánuði ársins, en á haustmánuðum fengu þau aðstoð frá Sigvalda Sigurðarsyni. Ásamt Sigvalda var mikill stuðningur að finna í Theódóru, framkvæmdarstjóra LÍS, og Anastasíu, jafnréttisfulltrúa LÍS.

6.5.2 Hvatningaverðlaun ÖBÍ

Í desember 2019 fékk Réttinda-Ronja þann heiður að vera tilnefnd til hvatningarverðlauna ÖBÍ sem að verkefnið hreppti síðan verðlaun fyrir á athöfn þann 2. desember. Verðlaunin afhenti forseti Íslands fulltrúum verkefnisins, Ágústu Björg Kettler Kristjánsdóttur og Sigvalda Sigurðarsyni.



6.6 Jafnréttisdagar

6.6.1 Vinnustofa - Diversity and Equality at UI

Anastasía, jafnréttisfulltrúi, tók þátt í að skipuleggja vinnustofu á jafnréttisdögum sem fór fram þann 5. febrúar 2020 í Setbergi - Húsi Kennslunnar. Vinnustofan fjallaði um innflytjendur og háskólanám. Að viðburðinum stóðu einnig jafnréttisnefnd HÍ, kennslusvið HÍ, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Skrifstofa alþjóðasamskipta HÍ. Á jafnréttisdögum 2019 var haldið málþing um innflytjendur og háskólanám á Íslandi. Markmið vinnustofanna á Jafnréttisdögum 2020 var að halda áfram með og bæta við umræðuna um stöðu nemenda með innflytjendabakgrunn í HÍ, sem hófst á málþinginu árinu áður, og þær áskoranir sem þessi fjölbreytti nemendahópur stendur frammi fyrir. Lögð var áhersla á að opna umræður um stöðuna og huga að mögulegum lausnum. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmennningarfræðum og formaður jafnréttisnefndar HÍ, opnaði viðburðinn. Því næst tóku við nokkrar kynningar tengdar umræðurefni vinnustofunnar. Marta Sigríður Pétursdóttir, verkefnisstjóri við kennslusvið HÍ, kynnti Sprett, nýtt verkefni á vegum HÍ, sem veitir nemendum með innflytjendabakgrunn stuðning frá upphafi framhaldsskólanáms þar til fyrsta ári í háskólanámi er lokið. Anastasía Jónsdóttir kynnti Student Refugees. Jasmina Crnac deildi reynslu sinni af því að vinna fyrir innflytjendasamfélagið á Íslandi, vera innflytjandi og nemandi í HÍ. Eftir fyrirlestrana hófust vinnustofur og umræður.

6.6.2 Loftslagsganga háskólasamfélagsins og Planet B: Þælingar um umhverfið, jafnrétti og framtíðina

Föstudagurinn 7. febrúar 2020 á jafnréttisdögum var tileinkaður loftslagsmálum. Dagskráin hófts á loftslagsgöngu háskólasamfélagsins frá Háskólatorgi kl. 11:40. Nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands sýndu framtíðarkynslóðum stuðning sinn í verki og gengu saman að Austurvelli til þess að taka þátt í loftslagsverkfallinu. Eftir loftslagsverkfallið var haldið í Veröld - hús Vigdísar þar sem seinasti viðburður jafnréttisdaga var tileinkaður loftslagsmálum, jafnrétti og framtíðinni. Viðburðurinn fór fram á ensku og hét “Planet B: thoughts on the environment, equality and the future”. Anastasía, jafnréttisfulltrúi, var fundarstjóri. Fyrsti fyrirlesarinn var Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, en erindið hennar hét “What can ecofeminism do for climate justice?”. Því næst steig Ole Martin Sandberg, doktorsnemi í heimspeki, á svið með erindið „Climate (In)justice: How do climate disasters affect global inequality?“. Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS, steig að lokum á stökk með erindið „The Power of a United Voice“. Viðburðurinn endaði

með pallborðsumræðum þar sem fyrirlesarar svöruðu spurningum úr sal. Að þessu loknu tók við lokahóf Jafnréttisdaga þar sem boðið var upp á léttar veitingar ásamt því að Saga Garðarsdóttir uppistandari sá um skemmtunina.

7 Markaðsmál

7.1 Almennt

Vegna breytinga á stöðu markaðsstjóra í september var seint skipað í markaðsnefnd. Fyrsti fundur hennar var haldinn í desember en í henni starfa þrír einstaklingar fyrir utan Guðbjart Karl Reynisson, markaðsstjóra, og hafa áhugasvið og þekking þeirra reynst afar heppileg fyrir markaðsstarfið. Þrátt fyrir stuttan tíma hefur markaðsnefndinni tekist að koma þó nokkrum verkefnum til skila. Ísold hefur haft umsjón með Instagram og gætt þess að útlit þess og uppsetning sé með sem besta móti og séð um vinnslu á því markaðsefni sem birtist á vefmiðlum samtakanna. Þuríður hefur séð um textaskrif og þýðingar á ensku fyrir samtökin og má sérstaklega nefna grein sem hún skrifaði fyrir vef tímaritið The Student's voice um gangsetningu The Student Refugees á Íslandi. Nhung tók virkan þátt í að kynna samtökin á Framadögum, hefur gefið ómetanlega sýn á það hvernig aðgengi er að samtökunum fyrir stúdenta sem ekki eru íslenskumælandi og hefur þekking hennar auk þess á markaðsmálum nýst samtökunum einkar vel.

Nefndin fundaði um áframhald Stúdentaspjallsins, hlaðvarps LÍS, og hvernig megi koma með nýja útfærslu á auglýsingaherferðinni „Fjárfestum í menntun” til að hún geti áfram nýst samtökunum.

7.2 Markaðsnefnd

Nefndarmeðlimir:

Guðbjartur Karl Reynisson, forseti

Ísold Atla Jónasdóttir

Þuríður Sóley Sigurðardóttir

Nhung Hong Thi Ngo

7.3 Kynningar á LÍŠ

7.3.1 Kynningarfundir með aðildarfélögum

7.3.1.1 Kynning á LÍŠ á Stjórnarfundum NLBHÍ

Þann 21. janúar 2020 kynnti Sigrún Jónsdóttir, forseti, samtökin á stjórnarfundum NLBHÍ. Fundurinn fór fram rétt fyrir kosningar í nýja stjórn og því upplagt að kynna samtökin. NLBHÍ lagði fram lagabreytingu á fundinum um breytingu á embættum stjórnar og hlutverki þeirra. Á fundinum var því samþykkt að hafa sérstaka stöðu fyrir fulltrúa NLBHÍ innan LÍŠ sem myndi sitja í fulltrúaráði og tryggja upplýsingaflæði milli stjórnar og samtakanna.

7.3.1.2 Kynning á landsþingi fyrir SHÍ

Þann 21. Janúar 2020 kynnti Sigrún Jónsdóttir, forseti, landsþing fyrir SHÍ á fundi ráðsins. Sigrún kynnti hlutverk og verkefni samtakanna og fór svo sérstaklega yfir landsþing.

7.3.2 Kynningarherferð á LÍŠ

Á síðasta starfsári var hafin gerð að sex kynningarmyndböndum um LÍŠ í samstarfi við Sahara, auglýsingastofu. Ráðist var í gerð myndbandanna til þess að auka sýnileika samtakanna og ríkir mikil ánægja með myndböndin. Fyrsta myndbandið fjallar almennt um samtökin, næsta fjallar um uppbyggingu samtakanna og skiptingu þeirra í framkvæmdastjórn, fulltrúaráð og nefndir. Þriðja myndbandið fjallar um landsþing LÍŠ og síðustu þrjú fjalla hver um sig um jafnréttis-, alþjóða- og gæðastarf LÍŠ. Myndböndin eru hönnuð með það í huga að hægt verði að endurnota myndböndin milli ára.

7.3.3 Framadagar

Framadagar fóru fram í Háskólanum í Reykjavík þann 30. janúar 2020. Fulltrúar LÍŠ létu sig ekki vanta og kynntu samtökin fyrir gestum og gangandi, vopnaðir umhverfisvænum LÍŠ-pennum og öðrum varningi tengdum samtökunum. Á Framadögum fundu fulltrúar LÍŠ fyrir áhuga á samtökunum og þörf fyrir frekari kynningu á þeim.

7.3.4 Háskóladagurinn

Á dagskrá er að kynna LÍŠ á Háskóladeginum í Háskóla Íslands 29. febrúar 2020. Kynning á samtökunum mun fara fram með svipuðum hætti og á Framadögum.

7.4 Herferð LÍŠ vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna

Verkefni Guðbjarts Karls Reynissonar, markaðsstjóra, fyrir skipun markaðsnefndar sneri að megninu til að herferð LÍŠ vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna. Fyrir herferðina voru auglýsingar hannaðar sem pössuðu á strætóskýli, Facebook og Instagram. Auglýsingarnar sýndu kröfu samtakanna um að þak á vexti námslána yrði ekki afnumið. Markaðsefnið var unnið í samvinnu við SHÍ sem bauð fram sína tíma hjá ráðgjafafyrirtækinu og auglýsingastofunni Aton.JL. Í framhaldinu voru auglýsingarnar birtar á fyrrnefndum stöðum og nýttust þær um leið til að auka sýnileika samtakanna. Heimasíða LÍŠ var nýtt í herferðina þar sem mátti finna allt efni herferðarinnar. Einnig var greinaskriftarátaki hrint af stað í tengslum við herferðina. Sigrún, forseti LÍŠ, opnaði greinarskriftarátakið og kynnti stuttlega frumvarpið og vakti athygli á markmiði herferðarinnar. Greinina má lesa [hér](#). Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ, fjallaði nánar um vaxtafyrirkomulagið og mikilvægi aukins stuðnings við stúdenta. Greinina má lesa [hér](#). Jóhann Gunnar Þórarinsson, formaður SÍNE, fjallaði um ferðalán námsmanna erlendis. Greinina má lesa [hér](#). Eyrún Baldursdóttir, stúdentaráðsliði SHÍ, fjallaði um hlutverk sjóðsins sem félagslegs jöfnunarsjóðar. Greinina má lesa [hér](#). Lesa má nánar um umsögn samtakanna [hér](#).



7.5 Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍŠ

7.5.1 Heimasíða

Unnið hefur verið að þróun heimasíðu LÍŠ síðasta misserið. Á forsíðu www.studentar.is má sjá að í stikunni efst er lögð áhersla á þau málefni sem eru á döfnni hverju sinni, sem er nú þegar þetta skrifað, Menntasjóður námsmanna og Student Refugees. Að öðru leyti má þar alltaf sjá umfjöllun

um samtökin, útgefið efni og upplýsingar um samtökin á ensku. Upplýsingar á ensku hefur verið bætt en þar má þó gera enn betur.

Fréttir um starfsemi samtakanna eru fyrirferðamiklar á síðunni enda er síðan helsti fréttamiðill samtakanna og sá staður þar sem mest er hægt að setja inn texta af öllum stafrænum miðlum samtakanna.

Neðst á síðunni hefur verið sett inn tengingar við samfélagsmiðla samtakanna, þ.e. Instagram, Facebook og Twitter, auk þess sem þar má hlusta á nýjast þátt Stúdentaspjallsins.

Margar breytingar eru fyrirhugaðar á síðunni henni til heilla og má því vænta áframhaldandi þróun hennar á næstunni.

7.5.2 Samfélagsmiðlar

Facebook síða samtakanna hefur verið afar virk og hefur nýst vel sem málagn. Þar eru settar inn fréttir, auglýsingar, tilkynningar, viðburðir og hvaðeina sem samtökin vilja koma frá sér í stuttu og hnitmiðuðu máli eða í myndum. Þar sem verkefni samtakanna eru mörg og á borði margra, þá hafa margir haft aðgang að síðunni til þess að setja inn efni. Það hefur því þvert á móti verið skortur á efni til að setja þar inn. Það er ánægjulegt að sjá hve margir nýir eru að líka við síðu samtakanna og það er mikilvægt að halda henni vel á lofti því þar er okkar stærsti hópur fólks að fylgjast með samtökunum.

Á Instagram aftur á móti er minna sett inn þar sem miðillinn miðar meira að ljósmyndum og að taka upp myndbönd. Það gerir það að verkum að hann er ekki eins virkur og Facebook. Hann hefur þó verið nýttur til þess að setja inn ljósmyndir af starfseminni, til að setja inn myndbönd af viðburðum sem samtökin hafa mætt á eða staðið fyrir og á borðinu er að nýta betur „highlights“ til upplýsingagjafar. Einnig hefur verið sett upp ákveðið þema í útliti á feedinu til að tengja litina þar við auglýsingaherferðina Fjárfestum í menntun.

Twitter hefur verið helst nýtt til þess að koma á framfæri upplýsingum um það sem er að gerast á viðburðum samtakanna eða til að koma skoðunum samtakanna í ljós á ákveðnum málefnum.

8 Fjármál

8.1 Almennt

Theodóra Listalín Þrastardóttir, framkvæmdastjóri LÍŠ, hafði prókúru yfir reikningum samtakanna og Aníta Eir Jakobsdóttir, fjáröflunarstjóri LÍŠ, skoðunaraðgang að reikningum samtakanna. Stofnaðir voru nýjir reikningar sem eyrnamerkir voru ákveðnum verkefnum, verkefni líkt og Réttinda Ronja og Student Refugees. Ferðasjóður LÍŠ var líka settur á stökk og var fjármagn að andvirði 600.000 krónum frátekið fyrir hann. Enginn nýtti sér ferðasjóðinn á síðastliðnu starfsári og verður fjármagninu því ráðstafað með öðrum hætti. Alþjóðafulltrúi fékk kreditkort með ferðatryggingu fyrir ferðir sínar á vegum LÍŠ og voru 100.000 krónur geymdar inná lokuðum reikningi sem trygging fyrir kortinu. Öll sem sóttu ráðstefnur erlendis fyrir hönd LÍŠ fengu greidda dagpeninga samkvæmt vef fjármálaráðuneytis og greitt samkvæmt SDR gjaldmiðlinum. Þar sem LÍŠ og MRN höfðu undirritað samning um aukið fjármagn þann 1. júlí 2019 fær félagið greiðslur uppá 4.500.000 kr.- 1. mars og 1. september hvers árs og hafa þær greiðslur staðist hingað til. Samþykkt var að hafa 1,8 stöðugildi á skrifstofu LÍŠ og hófst fyrsta launatímabilið 1. ágúst 2019. Launataxtinn var sá sami en hækkaði taxtinn sjálfur samkvæmt stéttarfélaginu VR úr 305.189 kr.- uppí 322.189 kr.- miðað við 100% stöðu. Voru stöðugildin fullnýtt í í ágúst og september. Í október var 0,8 stöðugildi nýtt og stöðugildi forseta sem var áður í 100% stöðu greitt í samræmi við vinnutíma sem var um 0,57. Í nóvember var nýr starfsmaður tekinn inn sem varaforseti og var aðilanum greitt samkvæmt greiddum tímum þann mánuð. Frá og með 1. desember 2019 var stöðugildum skipt milli þriggja eintaklinga og nýtt 1,6 stöðugildi í staðinn fyrir 1,8 og hefur sú skipting haldist síðan þá. Lagt var til nýta rest af 0,2 stöðugildinu sem laun fyrir alþjóðafulltrúa en þeirri var hafnað af fulltrúaráði á fundi ráðsins. Fylgst var með fjárhagi samtakanna út frá fjárhagsáætlun sem samþykkt var á landsþing LÍŠ 2019.

8.2 Fjármálanefnd

Nefndar meðlimir:

Aníta Eir Jakobsdóttir, forseti
Marín Rós Eyjólfsdóttir
Guðmundur Freyr Ellertsson

8.3 Framkvæmdastjóri

Framkvæmdarstjóri var ráðinn í fyrsta sinn í ágúst 2019. Auglýst var á ráðningarvefnum Alfreð og heimasíðu samtakanna. Alls bárust þrettán umsóknir og var boðið sex umsækjendum í viðtöl. Theodóra Listalín Þrastardóttir var að lokum ráðin. Helstu verkefni framkvæmdarstjóra voru að hafa yfirsýn yfir fjárhag félagsins og var framkvæmdastjóra sömuleiðis falið að móta stöðuna til framtíðar.

9 Innra starf

9.1 Laga- og verklagsbreytingar

9.1.1 Lagabreytingarnefnd

Nefndarmeðlimir:

Ragnhildur Þrastardóttir, forseti

Alix Ali

Tinna Rán Sverrisdóttir

Sigurður Ólafur Kjartansson

Sally Jónsdóttir

9.1.2 Almennt

Unnið var að nokkrum fjölda laga- og verklagsbreytingatillagna þetta starfsárið en þegar þetta er skrifað eiga flestar verklagsbreytinganna eftir að fara fyrir fulltrúaráð og munu helst gera það í kjölfar landsþings.

Á meðal lagabreytingatillagna sem nefndin og varaforseti lögðust yfir lúta að atkvæðisrétti forseta innan fulltrúaráðs, samruna framkvæmdastjóra og fjáröflunarstjóra, betri skilgreiningu á starfsfólki LÍŠ og verkferlum við uppsagnir þess o.fl. Það kom í hlut Sigurðar að skoða hið fyrstnefnda.

Hvað verklag varðar þá eru ýmsar breytingar í vinnslu þegar þetta er skrifað. Sú sem er komin lengst á veg er viðbót við verklagið, viðbót sem fjallar um kynferðislega og/eða kynbundna áreitni og/eða ofbeldi annars vegar og einelti hins vegar. Tinna annaðist gerð þessarar viðbótar ásamt Ragnhildi. Viðbótin var helst byggð á lögum annarra samtaka, svo sem Stúdentaráðs Háskóla Íslands, stofnana, svo sem Reykjavíkurborgar, og háskóla, svo sem Háskólans í Reykjavík.

Alix Ali, sem helst er kallaður Ali, sá um að þýða lögina. Það gerði hann með glæsibrag, þrátt fyrir að kunna ekki íslensku sjálfur. Ragnhildur fór svo yfir þýðingu hans og breytti því sem breyta þurfti. Í kjölfarið leiðrétti Jóhanna Ásgeirsdóttir, alþjóðafulltrúi LÍŠ, málfar. Þeir hlutar laganna sem taka breytingum í kjölfar landsþings verða einnig þýddir.

9.2 Stefna um innra starf LÍŠ

Marka má upphaf vinnu við innri stefnu LÍŠ við vinnustofu sem haldin var í september fyrir fulltrúaráð og framkvæmdastjórn. Í vinnustofunni fékk hvert og eitt tíu mínútur til þess að skrifa niður hugsanir sem brutust fram þegar þau heyrðu minnst á innri stefnu LÍŠ. Í kjölfarið kynnti hvert og eitt sínar hugmyndir og voru þær ræddar á meðal fulltrúa vinnustofunnar.

Út úr þessu kom aragrúi hugmynda sem safnað var í skjal sem varð að eins konar grunni stefnunnar. Einnig var ákveðið að aðildarfélögin kysu um gildi LÍŠ sem bættust í þennan sterka grunn stefnunnar.

Gildin sem valið var úr voru samstaða, jafnrétti, gagnsæi og lýðræði. Hvert aðildarfélag fékk tvö atkvæði og voru aðildarfélögin flest sammála um að öll gildin ættu við. Því var stefnan byggð á þeim öllum.

Nýr varaforseti hófst svo handa við vinnu stefnunnar í lok nóvember. Framkvæmdin var með þeim hætti að stefnunni var skipt upp í sjö kafla, auk inngangs, en hver kafli miðar að einhvers konar betrubótum á starfi LÍŠ. Í titlum flestra kaflanna er að finna einhvers konar markmið. Í undirköflum er svo að finna rökstuðning fyrir því hvers vegna þau markmið eru fýsileg og heppilegar leiðir til þess að komast nær markmiðunum.

Er varaforseti hafði sett stefnuna upp með þessum hætti var stefnan borin undir forseta sem gerði athugasemdir við hana og var unnið úr þeim. Eftir það fór stefnan til framkvæmdastjórnar LÍŠ sem gerði einnig sínar athugasemdir og varaforseti betrubætti stefnuna í samræmi við það. Í byrjun janúar var stefnan svo rædd á nýársþingi LÍŠ og eftir þingið vann varaforseti úr athugasemdum og hugmyndum þinggesta og betrubætti stefnuna enn frekar með þeim hætti. Í lok janúar var stefnan svo borin undir fulltrúaráð og athugasemda óskað frá ráðinu. Loks verður stefnan lögð fyrir landsþing.

9.3 Stefnur og lög LÍŠ þýdd

Jafnrétti er mikilvægur grunnur í öllu starfi LÍŠ en samtökin leggja einnig mikla áherslu á alþjóðamál, ásamt öðru. Því er nauðsynlegt að efni sem tengist LÍŠ, stefnur, lög og annað, sé eins aðgengilegt og hugsast getur. Er það helst tungumálaörðugleikar sem geta komið í veg fyrir gott aðgengi að efni LÍŠ. Derek T. Allen, stúdentaráðsliði við HÍ og stúdent í þýðingarfræði, sá um að

Þýða stefnur LÍS um alþjóðavæðingu og jafnréttismál í íslensku háskólasamfélagi. Allar stefnur samtakanna eru nú aðgengilegar á ensku á heimasíðu LÍS.

Alix Ali, einn af meðlimum lagabreytinganefndar, tókst á við þýðingu laga LÍS eins og áður segir í nóvember í samstarfi við varaforseta og alþjóðafulltrúa samtakanna. Þýðingin er nú tilbúin og var afhent þingfulltrúum landsþings. Vert er að minnast á að ósamræmi getur alltaf komið upp á milli frumtexta og þýðingar hefur lagaákvæði því verið bætt við þýðinguna sem gerir grein fyrir því að horfa skuli til frumtexta ef vafaatriði koma upp.

10 Önnur verkefni

10.1 Student Refugees

10.1.1 Heimasíða Student Refugees

Verkefnið Student Refugees fór af stað með krafti á þessu starfsári. Fyrsta verkefni Anastasíu og Jóhönnu þegar þær tóku við embættum jafnréttis- og alþjóðafulltrúa var að finna vefsíðuhönnuð sem gæti hannað vefsíðu Student Refugees. Vefsíðuhönnuðum hjá Brighsite var að lokum falið verkefnið. Vefsíðan, www.studentrefugees.is, var sett í loftið þann 21. september með útgáfuhófi á Granda Mathöll.



10.1.2 Sjálfboðaliðar

Opnað var í umsóknir fyrir sjálfboðaliðahóp Student Refugees í ágúst 2019. Umsóknarferlið fór fram í gegnum heimasíðu LÍS. Ábyrgð sjálfboðaliða á starfsárinu fólst í að skipuleggja og mæta á umsóknarkaffihús um það bil einu sinni í mánuði, svara fyrirspurnum og vera í sambandi við hælisleitendur og flóttafólk í tölvupósti, uppfæra vefsíðu verkefnisins og safna upplýsingum um framvindu þess. Í fyrstu umferð umsókna bárust um 50 umsóknir, sem fór fram úr öllum okkar vonum. Verkefnið var þó enn of lítið til að geta tekið á móti svo stórum hóp sjálfboðaliða og var tekin ákvörðun um að senda umsækjendum ítarlegri spurningar um vitneskju þeirra á íslenska menntakerfinu og áhuga á að vinna með flóttafólki. Alls svöruðu 17 manns seinni spurningunum og öllum þeim var boðið að slást í sjálfboðaliðahópinn.



10.1.3 Heimsókn Studenterhuset

Student Refugees er verkefni að danskri fyrirmynd en Studenterhuset í Danmörku halda uppi vefsíðunni <https://studentrefugees.dk/en/>. Verkefnastjórum Student Refugees frá Studenterhuset var boðið í heimsókn í september 2019 og stýrðu þau námskeiði fyrir nýja sjálfbóðaliða verkefnisins. Námskeiðið fór fram 20. og 21. september í Háskólanum í Reykjavík. Þar útbjuggu þau “gervi” umsóknarkaffihús svo nýju sjálfbóðaliðar verkefnisins á Íslandi hefðu tækifæri til þess að prufa sig áfram með aðstæður sem líklegar voru að mæta þeim á umsóknarkaffihúsum.



10.1.4 Umsóknarkaffihús

Student Refugees Iceland hélt sitt fyrsta umsóknarkaffihús í Norræna Húsinu í lok nóvember 2019. Þó nokkrir gestir komu og þáðu upplýsingar og ráð um háskólakerfið á Íslandi. Það er að segja hvar, hvernig og hvenær sé hægt að sækja um nám. Umsóknarkaffihúsin hafa verið þrjú talsins. Umsóknarkaffihúsin hafa hingað til verið auglýst á samfélagsmiðlum og með aðstoð Rauða krossins og ENIC/NARIC. Nú stefnum við á að halda enn fleiri umsóknarkaffihús og hvetja einstaklinga til að mæta oftast en einu sinni til okkar til að fá beina aðstoð við umsóknir sínar í háskóla.

10.2 Loftslagsverkfall

Frá 22. febrúar 2019 hefur ungt fólk safnast saman á Austurvelli hvern föstudag til að krefjast öflugri aðgerða strax af hálfu stjórnvalda og fyrirtækja í baráttunni gegn loftslagsvánni. LÍŚ hafa verið hluti af skipulagshóp verkfallanna frá upphafi ásamt Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), Ungum umhverfissinum (UU) og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Loftslagsverkfallið hefur vakið talsverða athygli en enn á eftir að svara kalli ungs fólks. Á flest verkfallanna sem haldin hafa verið hafa fulltrúar LÍŚ mætt og látið í sér heyra fyrir hönd þeirra 21.000 stúdenta sem samtökin standa fyrir.

10.2.1 Viðurkenning frá Reykjavíkurborg

Þann 2. maí 2019 hlutu LÍŚ, SHÍ, UU og SÍF viðurkenningu fyrir frumkvæði og vitundarvakningu í umhverfismálum með föstudagsmótmælum á Austurvelli í samstilltum aðgerðum á heimsvísu. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar veitti forsvarsaðilum samtakanna viðurkenninguna.



10.2.2 Viðurkenning frá Íslandsdeild Amnesty International

Greta Thunberg hlaut í september titilinn „Samviskusendiherra“, heiðursverðlaun Amnesty International. Titlinum deildi hún með alþjóðlegu loftslagsverkfallshreyfingu ungmenna, “Fridays



For Future”. Í kjölfarið veitti Íslandsdeild Amnesty International skipuleggjendum loftslagsverkfallanna héraðsdeildis viðurkenningu fyrir baráttu sína gegn loftslagsvánni. Fjögur samtök hlutu viðurkenninguna að þessu sinni og voru LÍS þar á meðal, ásamt SHÍ, UU og SÍF. Samtökunum er sannur heiður að hafa hlotið viðurkenningu af þessu tagi. Viðurkenningin á þó best heima hjá börnunum sem hafa mætt alla föstudaga á verkföllin og krafist aðgerða. Þau eru uppsprettan og drifkrafturinn að verkföllum í þágu umhverfisins.

10.2.3 Allsherjarverkfall fyrir loftslagið 20. til 27. september

Skipulagshópur loftslagsverkfallsins efndi til Allsherjarverkfalls fyrir loftslagið frá 20. til 27. september, ásamt Landvernd. Ungu kynslóðin hefur svo sannarlega látið til sín taka og var það því ákall allsherjarverkfallsins að eldri kynslóðin og allir þeir sem hafa hingað til fylgst með af hliðarlínunni styddu við hreyfinguna.



Um fjórar milljónir manns tóku þátt í Allsherjarverkfalli fyrir loftslagið 20. september 2019 en boðað var til aðgerða í yfir 150 löndum. Þar á meðal voru ríflega 1200 manns sem tóku þátt á Íslandi. Mót mælendur gengu frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll þar sem við tók stútfull dagskrá af ræðum og tónlistaratriðum. Á meðal ræðufólks voru Kári Stefánsson, Stjörnu-Sævar, Högni, Eydís Blöndal og

grunnskólanemar sem hafa tekið virkan þátt í verkföllum undanfarna mánuði. Tónlistarfólkið Friðrik Dór, Krummi og GDRN stigu á stökk og skemmtu viðstöddum.

Loftslagsverkföll fóru svo fram með hefðbundnu sniði í hverju einasta hádegi í loftslagsvikunni og voru ýmsir hliðarviðburðir skipulagðir samhliða. Til að mynda fór fram bolaprentun og skiltagerð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur sem var skipulagt af hópnum List fyrir loftslagið. Bíllausi dagurinn fór fram 22. september þar sem lokað var fyrir umferð á Miklubraut hjá Klambratúni, ásamt Hringbraut, og ferðaðist fólk þaðan á Lækjartorg með öllum mögulegu fararskjótum öðrum en einkabílum. Sigrún Jónsdóttir, forseti, skrifaði grein fyrir allsherjarverkfallið sem má lesa [hér](#).

10.2.4 Fundur með forsvaraðilum ríkisstjórnar 27. september

Þann 27. september var fjölmennt á loftslagsverkföllum á Austurvelli. Í kjölfar verkfallsins gengu fulltrúar frá SÍF, SHÍ, UU, Foreldrum fyrir framtíðina og LÍS fyrir hönd skipulagshóps loftslagsverkfallsins á fund með forsvaraðilum ríkisstjórnarinnar í Ráðherrabústaðnum.

Eftirfarandi voru kröfur loftslagsverkfallsins á fundinum:

Við krefjumst þess að Ísland taki af skarið og lýsi yfir neyðarástandi vegna loftslagsvárnar. Þeirri yfirlýsingu verða að fylgja aðgerðir af þeirri stærðargráðu sem tryggja að losun Íslands minnki árlega um a.m.k. 5% þannig að öruggt sé að kolefnishlutleysi náist fyrir árið 2040.

Stjórnvöld fylgi tillögum Millirikjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) og sjái til þess að árlegar fjárfestingar í aðgerðir gegn loftslagsvánni af hálfu atvinnulífs og hins opinbera séu samtals 3,5% af landsframleiðslu.

Ásamt kröfunum fylgdi tillaga að yfirlýsingu um neyðarástand í loftslagsmálum.

Ríkisstjórnin sá sér ekki fært að skrifa undir en tók fram að hún myndi fara yfir kröfurnar og halda samtalinu áfram síðar. Á fundinum bauð umhverfis- og auðlindaráðherra skipulagshópnum að koma að endurskoðun á aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, sem er af hinu jákvæða.

Viðauki 11: Kröfur loftslagsverkfallsins

Viðauki 12: Tillaga um yfirlýsingu á neyðarástandi í loftslagsmálum

10.2.5 Fundur með verkefnastjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum

Þann 18. október 2019 áttu fulltrúar skipulagshóps loftslagsverkfallsins fund með verkefnastjórn aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Fundurinn fór fram í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hugi Ólafsson, formaður stjórnarinnar, kynnti fyrstu aðgerðaráætlunina. Markmið hennar er að draga úr losun og auka kolefnisbindingu. Í henni eru tvær megináherslur sem eru orkuskipti í samgöngum og átak í aðgerðum í landnýtingu. Fulltrúar skipulagshópsins fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga út í einstaka liði aðgerðaráætlunnar og fór Hugi því næst yfir það hvernig staðið verður að endurskoðun hennar. Í lokinn fóru fulltrúar skipulagshópsins yfir kröfur loftslagsverkfallsins og þær aðgerðir sem tilgreindar eru í tillögu hópsins um yfirlýsingu á neyðarástandi í loftslagsmálum sem kynnt var fyrir forsvarsaðilum ríkisstjórnarinnar í september 2019.

10.2.6 Menn ársins

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar valdi loftslagsverkfallið sem menn ársins 2019. Valið var kynnt í Kryddsíld Stöðvar 2 á gamlársglögum. Á viðurkenningarskjali sem Þorgerður María Þorbjarnardóttir, ritari UU, tók við fyrir hönd hópsins segir að ungir loftslagsaðgerðasinnar séu Menn ársins fyrir að hafa vakið athygli þjóðarinnar á afleiðingum loftslagsbreytinga fyrir komandi kynslóðir.



10.2.7 Afmælisverkfall

Þann 21. febrúar 2020 var eins árs afmælis loftslagsverkfallanna fagnað, ef svo má að orði komast. Stemningin var gríðarlega góð og mættu ungir sem aldnir á svæðið, líklega um 50 manns. Gengið var frá Hallgrímskirkju og niður á Austurvöll en varaforseti LÍŚ, Ragnhildur Þrastardóttir, stýrði fundardagskrá. Börn sem hafa tekið virkan þátt í verkföllum stigu á stökk ásamt jöklafræðingi og fyrrverandi formanni SÍF. Jökull Jónsson, aðgerðasinni og grunnskólanemi, flutti frumsamin tónlistaratriði við mikinn fögnuð viðstaddra. Ragnhildur lýsti yfir vonbrigðum sínum með það hversu lítið íslensk stjórnvöld og fyrirtæki hefðu gert á þessu ári sem ungt fólk hefur safnast saman og krafist aðgerða og minnti viðstadda á kröfur loftslagsverkfallsins.

10.3 Young Reporters for the Environment (YRE)

Í sumar voru LÍŚ beðin um að tilnefna manneskju í stýrihóp YRE sem er verkefni sem Landvernd heldur utan um á Íslandi. Verkefnið snýst um að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að kynna sér umhverfismál og miðla upplýsingum til almennings með fjölbreyttum hætti. Verkefnið er alþjóðlegt og er rekið af umhverfismenntasamtökunum “Foundation for Environmental Education”. Verkefnið er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og er hluti af aðgerðaráætlun Skóla á grænni grein. Á Íslandi verður verkefninu beint að framhaldsskólum fyrst um sinn. Stýrihópurinn fundaði tvisvar á starfsárinu. LÍŚ komu einnig að skipun dómnefndar YRE hérlendis og skipuðu bæði í dómnefnd fjölmiðlafólks og dómnefnd ungs fólks. Verðlaunaafhending YRE á Íslandi verður haldin þann 2. apríl n.k.

11 Umsagnir, bréf og yfirlýsingar

11.1 Ályktun íslenskra stúdenta um úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2019-2020

Á sama tíma og landsþing LÍŠ 2019 fór fram voru úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2019-2020 birtar. Stúdentum gafst því kjörið tækifæri til þess að bregðast við úthlutunarreglunum á stærsta samráðsvettvangi stúdenta hérlendis. Fyrir á starfsárinu höfðu LÍŠ farið í herferð undir yfirskriftinni „Stúdentar mega ekki hafa það betra – stúdentar þurfa líka að lifa af laununum sínum“ þar sem lögð var megináhersla á hækkun grunnframfærslu og frítekjumarks. Stúdentar fögnuðu árangri með hækkun frítekjumarki í breyttum úthlutunarreglum LÍN fyrir skólaárið 2019-2020. Á sama tíma var aðeins komið að hluta til móts við kröfur stúdenta og voru það vonbrigði að ekki hafi verið tekið tillit til annarra krafna eins og hærri grunnframfærslu með endurreiknuðum húsnæðisgrunni og ferðalána stúdenta sem stunda nám erlendis.

Viðauki 13: Ályktun íslenskra stúdenta um úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2019-2020

11.2 Stuðningsyfirlýsing European Students' Union við íslenska stúdenta vegna aldursgreininga Háskóla Íslands á fylgdarlausum hælisleitendum

Á 76. stjórnarfundum ESU, Evrópusamtaka stúdenta (European Students' Union), í maí 2019 kölluðu LÍŠ eftir stuðningi við baráttu gegn aldursgreiningum með rannsóknum á tönnum hælisleitenda tanngreiningum sem framkvæmdar hafa verið af Háskóla Íslands sem þjónusta við Útlendingastofnun.

ESU eru regnhlífarsamtök 45 landssamtaka stúdenta frá 39 evrópskum löndum. ESU talar þar af leiðandi fyrir hönd um það bil 20 milljón stúdenta í Evrópu. Á stjórnarfundum ESU koma saman um 150 stúdentafulltrúar hvaðanæva að úr Evrópu og taka stefnumótandi ákvarðanir fyrir samtökin. Þessi 76. fundur var haldinn í Sofíu, Búlgaríu, 6. til 11. maí 2019.

Stuðningsyfirlýsing var samþykkt einróma en í henni er kallað eftir því að Háskóli Íslands láti af aldursgreiningum. Þar er einnig lögð áhersla á að sem menntastofnun og lykilhliuti samfélagsins eigi Háskólinn frekar að einbeita sér að því að taka vel á móti innflytjendum og flóttafólki og að styðja við samfélagshópa í viðkvæmri stöðu. Stuðningsyfirlýsingin staðfestir þær efasemdir og

rökfærslur sem íslenskir stúdentar, og þá sér í lagi SHÍ, Stúdentaráð Háskóla Íslands, hafa fært fram gegn þessari starfsemi. Tuttugu milljón evrópskir stúdentar krefjast þess, ásamt íslenskum stúdentum, að háskólinn láti af þessari framkvæmd og sjái sóma sinn í því að þjónusta hælisleitendur í krafti þekkingar sinnar með öðrum, mannúðlegri hætti og veita þeim aðstoð. Íslenskir stúdentar búast við því að Háskóli Íslands og Útlendingastofnun taki kröfur stúdenta loks alvarlega og láti af þessari siðferðislega óverjandi framkvæmd.

Evrópskir stúdentar ganga því til liðs við SHÍ, LÍS, starfsfólk og doktorsnema á Menntavísindasviði HÍ, Félagsvísindasviði HÍ og Hugvísindasviði HÍ, Rauða krossinn, UNICEF, Barnaréttardeild Evrópuráðsins og fleiri mannúðarsamtök sem leggjast gegn þeim aðferðum sem háskólinn beitir.

Viðauki 14: Stuðningsyfirlýsing European Students' Union við íslenska stúdenta vegna aldursgreininga Háskóla Íslands á fylgdarlausum hælisleitendum

11.3 Umsögn LÍS við frumvarpsdrög um Stuðningssjóð íslenskra námsanna

Frumvarpsdrög um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna voru birt inni á Samráðsgátt stjórnvalda þann 9. júlí 2019. Með frumvarpsdrögum var lagt til að innleitt yrði nýtt námsstyrkjakerfi samhliða námslánakerfi. Umfangsefnið var viðamikið og af mörgu að taka en varhugaverðustu breytingarnar snéru að breyttum vaxtakjörum. Samtökin fögnuðu þó innleiðingu styrkjakerfis enda hafa stúdentar lengi beðið eftir styrkjakerfi sem byggt er á einhverjum þeirra fyrirmynda sem finnast á Norðurlöndunum. Þá fögnuðu samtökin því sérstaklega að breyta ætti framfærslu barna í styrk enda væri innleiðing þess mikið framfaraskref. Samtökin gagnrýndu meðal annars breytt vaxtakjör, að vafi lék á orðalagi um mánaðarlega greiðslu námslána, hámarkstíma barnastyrks, skilgreindum undanþágum frá lágmarksnámframvindukröfum, heimild til lágmarkssjálfsaflafés námsmanna og að ekki sé skylda fyrir sjóðsstjórn að veita ferðalán til námsmanna erlendis.

Viðauki 15: Umsögn LÍS vegna frumvarpsdraga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

11.4 Stuðningsyfirlýsing LÍŠ við bréfi jafnréttisnefndar KÍ

Í ágúst 2019 sendi jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands (KÍ) frá sér bréf til rektora og stjórnenda háskólanna um kynjafræði og jafnréttiskennslu í kennaranámi. Í jafnréttisstefnu LÍŠ, sem samþykkt var á landsþingi 2019, er kveðið á um að bjóða þurfi upp á fræðslu í kynjafræði, hinseginmálum og fötlunarmálum fyrir kennaranema sem stuðlar að víðsýni og aukinni yfirsýn yfir þarfir stúdenta. Einnig kemur fram í jafnréttisstefnu LÍŠ að leggja eigi áherslu á endurmenntun kennara svo þekking þeirra og hæfni haldist í takt við samfélagslega þróun og breytingar. Samtökin sendu því frá sér stuðningsyfirlýsingu við bréfi jafnréttisnefndar KÍ og tóku undir orð jafnréttisnefndar KÍ um að enn sé kynja- og jafnréttiskennslu hvergi nógu hátt gert undir höfði í íslensku menntakerfi. Aukin kynja- og jafnréttisfræðsla innan háskólanna er nauðsynleg til að kennaranemar verði betur í stakk búnir til þess að undirbúa nemendur sína fyrir þær fjölbreyttu aðstæður sem þeir munu standi frammi fyrir. LÍŠ hvatti rektora og stjórnendur háskólanna til að hlusta á jafnréttisnefnd KÍ og leita allra leiða til þess að bjóða upp á aukna fræðslu í jafnréttismálum í kennaranámi. Hnitmiðuð stefnumótun í háskólasamfélaginu, þá fyrst og fremst hjá stjórnvöldum, er grunnatriði þess að jafnrétti kynja sé þar náð.

Viðauki 16: Stuðningsyfirlýsing LÍŠ við bréfi jafnréttisnefndar KÍ

11.5 Umsögn LÍŠ um frumvarp um Menntasjóð námsmanna

Frumvarp um Menntasjóð námsmanna var birt á vefsíðu Alþingis 1. nóvember 2019 og fór fyrir fyrstu umræðu fjórum dögum síðar. Í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna sem ætlað er að komi í stað núverandi Lána sjóð íslenskra námsmanna eru lagðar fram talsverðar breytingar frá núverandi námslánakerfi. Meðal annars innleiðingu beins styrkjakerfis, breyttum vaxtakjörum og breytingu á lánsrétti, svo fátt eitt sé nefnt. LÍŠ skiluðu umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar í byrjun desember. Umsögnin var að miklu leyti byggð á umsögn LÍŠ vegna frumvarpsdraga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna sem kom inn á Samráðsgátt stjórnvalda í sumar.

Viðauki 17: Umsögn LÍŠ um frumvarp um Menntasjóð námsmanna

11.6 Stuðningsyfirlýsing samstarfsnefndar háskólastigsins

Þann 18. nóvember fóru Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti, og Anastasía Jónsdóttir, jafnréttisfulltrúi, á fund með samstarfsnefnd háskólastigsins. Þar báðu þær um stuðning nefndarinnar við kröfu LÍŠ um að þak yrði sett á vexti námslána í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna.

Fundinn sátu allir rektorar íslenskra háskóla og er Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, formaður nefndarinnar. Á fundinum kynntu fulltrúar LÍŠ umsögn samtakanna og lögðu sérstaka áherslu á kröfu LÍŠ um þak á vexti námslána. Nefndin tók vel í kröfu LÍŠ og tók sér nokkurra daga umhugsunarfrest. Þann 26. nóvember sendi samstarfsnefndin frá sér stuðningsyfirlýsingu þar sem nefndin tók undir kröfu stúdenta um þak á vexti í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna og sýndi með því stuðning við herferð LÍŠ.

Viðauki 18: Stuðningsyfirlýsing samstarfsnefndar háskólastigsins

11.7 Bréf til þingmanna vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna

Í upphafi desember 2019 sendu LÍŠ bréf til þingmanna til þess að vekja athygli á umsögn samtakanna um frumvarp um Menntasjóð námsmanna og minna á herferð LÍŠ með yfirheitinu „Fjárfestum í menntun“. Viðbrögð við bréfinu voru jákvæð og er það von LÍŠ að þingmenn fylgi kröfum stúdenta eftir.

Viðauki 19: Bréf til þingmanna vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna.

11.8 Bréf til mennta- og menningarmálaráðherra vegna menntastefnu til ársins 2030

Í desember 2019 sendu LÍŠ bréf til Lilju Daggar Alfeðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, vegna menntastefnu til ársins 2030. Á vef ráðuneytisins í lok sumars 2019 kom fram að stefnan væri langt á veg komin og því var forseti samtakanna undrandi á því að ekki væri enn búið að hafa samráð við LÍŠ vegna málsins. Samtökin hafa endurtekið minnt á mikilvægi þess að haft sé samráð við stúdenta og aðra hagaðila innan háskólakerfisins, sérstaklega þegar stefnumótandi ákvarðanir eru teknar. Stuttlega eftir að bréfið var sent fékk LÍŠ kynningarfund með mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt öðrum hagaðilum.

Viðauki 20: Bréf til mennta- og menningarmálaráðherra vegna menntastefnu til ársins 2030.

11.9 Stuðningur LÍS við kröfur norrænna ungmennafulltrúa á COP25

LÍS studdu við kröfur norrænu ungmennafulltrúanna sem stödd voru á COP25, loftslagsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna (SP) í desember, en þetta eru sameiginlegar kröfur unga fólksins til ríkisstjórna Norðurlandanna.

Kröfurnar má finna sem viðauka en Aðalbjörg Egilsdóttir, ungmennafulltrúi Íslands hjá SP, kynnti kröfurnar ásamt öðrum ungmennafulltrúum fyrir norræna stjórnmalafólkinu sem einnig var statt á ráðstefnunni. Í ágúst 2019 sögðu ríkisstjórnir Norðurlandanna að þær ætluðu að gera Norðurlöndin að sjálfbærasta svæði í heimi. Kolefnisfótspor Norðurlandanna er hátt og ljóst að gefa þarf í ef að fyrrnefnt markmið á að nást. Ríkisstjórnirnar þurfa því að grípa til stórvægilegra loftslagsaðgerða og er það von LÍS að þær fylgi kröfum unga fólksins eftir.

Viðauki 21: Kröfur norrænna ungmennafulltrúa á COP25

11.10 Yfirlýsing vegna fréttar um synjun á starfsnámi í lögreflufræði vegna lyfjameðferðar við kvíða

Þann 16. desember vakti Fréttablaðið athygli á því að nema í lögreflufræði hefði verið synjað um starfsnám. Elísabet Brynjarsdóttir, fulltrúi SHÍ í fulltrúaráði, vakti máls á því innan fulltrúaráðs að tilvalið væri að LÍS sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins. Fulltrúaráð ákvað að slíkt væri heppilegt og þann þriðja janúar sendu LÍS frá sér yfirlýsingu þar sem samtökin fordæmdu það að umsækjandanum hafi verið synjað um starfsnám vegna lyfjameðferðar við andlegum veikindum. Þótti LÍS ákvörðunin skjóta skökku við þá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í samfélaginu um geðheilbrigði en ákvörðunin var byggð á þeim forsendum að nemandinn sé óhæfur til náms eigna meðferðar við andlegum veikindum. Í yfirlýsingunni kölluðu samtökin eftir því að synjunin yrði dregin til baka og umsókn nemandans tekin til endurskoðunar, enda óréttlátt að mismuna nemendum eftir því hvort þeir leiti sér aðstoðar við veikindum sínum eða ekki.

Í yfirlýsingu sinni bentu LÍS á að forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreflunnar hefði sagt opinberlega að á Íslandi sé gefinn kostur á að skila sérfræðivottorði ef umsækjandi að starfsnámi er með heilsufarslega áhættuþætti sem krefjast einstaklingsbundins mats. Í umræddu tilfelli staðfesti læknisvottorð að nemandinn væri heilbrigður og fær til þess að sinna

lögreglustörfum. Rökin á bak við synjunina virtust því ekki halda vatni. Lögðu LÍS einnig áherslu á að mikilvægt væri að skólayfirvöld sýndu nemum stuðning í aðstæðum sem þessum.

Samkvæmt upplýsingum LÍS er mál umrædds umsækjanda ekki einstakt tilvik og kölluðu samtökin því eftir því að sambærileg mál yrðu einnig tekin til endurskoðunar.

Viðauki 22: Yfirlýsing vegna fréttar um synjun á starfsnámi í lögreglufræði vegna lyfjameðferðar við kvíða

11.10.1 Fundur með valnefnd Menntunar- og starfsþróunarseturs lögreglunnar

Valnefnd Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar (MSL) hafði samband við Sigrúnu Jónsdóttur, forseta, í kjölfar þess að LÍS sendu út fyrrnefnda yfirlýsingu. Vildi nefndin hitta fulltrúa LÍS til þess að ræða efni yfirlýsingarinnar og lagalegan grundvöll valferlisins.

Úr varð að Sigrún fór ásamt Ragnhildi Þrastardóttur, varaforseta, á fund MSL um miðjan janúar. Fyrir fundinn hafði Sigrún samband við lögreglunemann sem um ræðir, Ólafíu Kristínu Norðfjörð. Fagnaði hún því að LÍS skyldi ætla á fund með MSL vegna málsins og var samstarf við hana prýðilegt.

Á fundinum skýrðu fulltrúar LÍS frá áhyggjum sínum af því hvernig staðið væri að þessu valferli, þá sérstaklega með tilliti til þess að stúdentar væru í auknum mæli að íhuga að hætta á kvíðalyfjum vegna þess að lyfin gætu valdið því að þeir kæmust ekki inn í starfsnám. MSL gátu lítið tjáð sig um einstakt mál Ólafíu en voru tilbúin í að ræða valferlið almennt og var nefndin mjög opin fyrir tillögum LÍS sem lutu að því að bæta umsóknarferlið og gera það gagnsærra.

Valnefndin sagðist nú þegar hafa tekið umsókn Ólafíu til endurskoðunar og komist að sömu niðurstöðu, ákvörðun um að hafna umsókn hennar. Það var því skilningur fulltrúa LÍS að umsóknin strandaði á mati trúnaðarlæknis MSL.

Einnig gagnrýndu fulltrúar LÍS að ákvarðanir MSL um inntöku á nemum til starfsnáms séu endanlegar og því ekki kærnanlegar. Fulltrúar LÍS nefndu að þetta væri undarlegt og að ef umsækjendur hefðu ekki tök á að kæra þá myndu þau líklegast leita réttar síns með öðrum hætti, til að mynda með fjölmiðlaumfjöllum. Eðlilegast væri að þessar ákvarðanir væru kærnanlegar og myndu fara eftir vel skilgreindum ferlum, til að mynda í gegnum áfrýjunarnefnd í kærnumálum

háskólanema. Valnefndin tók undir það og nefndi að nefndin væri bundin lögum. Fulltrúar LÍŠ hyggjast skoða þetta betur og hafa samband við dómsmálaráðuneytið í þeirri viðleitni að breyta þessu.

Í kjölfar fundarins voru fulltrúar LÍŠ boðaðir á annan fund með MSL og trúnaðarlækni þar sem ýmsum spurningum var enn ósvarað varðandi læknisfræðilegan hluta ferlisins. Þar kom í ljós að leiðbeiningar fyrir nemendur vegna læknisvottorðs voru óljósar og höfðu ollið vandræðum, til dæmis í áðurnefndu tilfelli. Nú er unnið að því að endurskoða þessar leiðbeiningar svo þær samræmist raunverulegum viðmiðum betur. Á fundinum spurðu fulltrúar LÍŠ forstöðumann MSL hvort hann væri mótfallinn því að lögum væri breytt svo ákvarðanir valnefndar yrðu kæránlegar. Sagðist hann ekki mótfallinn því og að MSL myndi frekar styðja slíkt en ekki.

11.11 Umsögn um Grænbók um fjárveitingar til háskóla

Grænbók um fjárveitingar til háskóla var birt á Samráðsgátt þann 13. janúar 2020. Í henni er gerð grein fyrir núverandi fjárveitingakerfi, valmöguleikum við hönnun á nýju kerfi og settar fram lykilspurningar til að efla umræðu um stefnu um háskóla og hvaða fyrirkomulag fjárveitinga styðji best við innleiðingu á slíkri stefnu. Þar er einnig fjallað um hlutverk háskóla og núverandi stefnu, stöðu háskólakerfisins og háskólamenntunar. Farið er yfir mögulegar aðferðir við skiptingu fjár til háskóla og dæmi tekin frá samanburðarríkjum um útfærslu á fjárveitingum. Löngu er orðið tímabært að endurskoða reiknilíkan háskólanna en upphaflegt markmið þess laut aðallega að fjölgun stúdenta á Íslandi. Af Grænbók um fjárveitingar til háskóla að dæma hefur upprunalega markmiði reiknilíkansins verið náð en tveimur áratugum síðar hefur landslag háskólakerfisins tekið heilmiklum breytingum. Hvatinn í núverandi kerfi er einsleitur og ýtir undir áherslu á magn fremur en gæði. Reiknilíkanið stangast á við núverandi þarfir háskólanna sem bjóða meðal annars upp á nám sem stenst alþjóðlegan samanburð og hefur gæði náms í fyrirrúmi. Meðal hlutverka reiknilíkansins er að færa stefnu stjórnvalda í framkvæmd. Því er forsenda fyrir breyttu reiknilíkani að stefna í menntamálum sé til staðar en í umsögn sinni fagna LÍŠ því að vinna við menntastefnu til ársins 2030 sé hafin. Samtökin ítreka þó að slík stefna á að vera mótuð í góðu samstarfi við stúdenta, háskólana og aðra viðeigandi hagsmunaaðila svo sem Gæðaráð íslenskra háskóla. Það gefur að skilja að ekki er hægt að ákvarða breytur í reiknilíkani sem þessu með markvissum hætti fyrir en menntastefna liggur fyrir. Að mati LÍŠ ættu eftirfarandi áherslur að vera hafðar til hliðsjónar við gerð stefnumarkmiða: aðgangur að námi, aukin félagsleg vídd, alþjóðavæðing íslenska

háskólakerfisins og gæði náms. Við gerð menntastefnu og hvítbókar ætti einnig að hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til hliðsjónar.

Viðauki 23: Umsögn LÍS um Grænbók um fjárveitingar til háskóla

11.12 Áherslur LÍS um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2020-2021

Í lok janúar 2020 samþykkti fulltrúaráð áherslur LÍS um úthlutunarreglur LÍN skólaárið 2020-2021. Enn er það skýlaus krafa stúdenta að grunnframfærsla sem LÍN miði við sé að minnsta kosti 100% af grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins. Einungis er miðað við 96% og því virðist námslánnum ekki vera ætlað að mæta grunnþörfum stúdenta. LÍS benda sömuleiðis á að enn bolar ekkert á starfshópi um endurskoðun á húsnæðisgrunni stúdenta sem þeim var lofaður í fyrra. Lesa má nánar um kröfur LÍS í viðauka.

Viðauki 24: Áherslur LÍS um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2020-2021

12 Þátttaka í pallborðum og málþingum

12.1 Pallborðsumræður á ráðstefnu Gæðaráðs íslenskra Háskóla

Þann 31. ágúst fór fram ráðstefnan *Higher Education: Its Relevance to Students and Society*. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum í Reykjavík og skipulögð af Gæðaráði íslenskra háskóla ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Fyrir hádegi var rætt um hlutverk háskóla. Háskólar hafa verið miðstöð þekkingar og uppspretta nýsköpunar en nú er ætlast til meira af þeim. Það er ætlast til þess að háskólar teygi anga sína út í samfélagið og hafi áhrif á sitt nærumhverfi með beinum hætti. Ellen Hazelkorn, meðlimur í Gæðaráði íslenskra háskóla frá Dublin Institute of Technology, fjallaði um samfélagslega ábyrgð háskólakerfisins og sagði: “While societal problems are not solely the responsibility of higher education, universities have a responsibility to help solve them.”

Eftir hádegi fór fram pallborð um starfsnám. Hvorki er fjallað um starfsnám á háskólastigi í lögum um háskóla né öðrum settum reglum og áriðandi að svo sé. Slíkar reglur eiga meðal annars að kveða á um ábyrgð háskóla og starfsvettvangs. Hanne Smidt, ráðgjafi hjá European University Association, endaði pallborðið um starfsnám á orðunum “Higher education should not be a lottery” en umræðurnar sem vöknúðu endurspegla að á Íslandi skortir almennilegan ramma utan um starfsnám.

Einnig fór fram pallborð um samfélagslega ábyrgð háskóla. Umræðurnar voru líflegar og var rætt um nýsköpun, samspil háskóla og atvinnulífsins og krafðist fulltrúi stúdenta í pallborðinu, Julian Lu Curlo sem er alþjóðafulltrúi landssamtaka danskra stúdenta, að háskólar taki fullan þátt í baráttunni gegn loftslagsvánni.

Síðasti liður dagskránnar var pallborð þar sem fulltrúar stúdenta frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Færeyjum sátu. Sonja Björg Jóhannsdóttir, þáverandi forseti LÍS, sat í pallborðinu fyrir hönd samtakanna. Umræðuefnið var sjónarhorn stúdenta á mikilvægi háskólastigsins. Stúdentar gagnrýndu að á ráðstefnu þar sem samfélags ábyrgð háskóla hafi verið tekin fyrir hafi umhverfismál ekki verið í forgrunni. Þau ræddu einnig mikilvægi þess að

háskólar leggi áherslu á ánægju nemenda í námi frekar en að meta gæði háskóla eftir því hvar þau standa í niðurröðun *Times Higher Education*.



12.2 Opinn fundur um Lánasjóð íslenskra námsmanna hjá Samfylkingunni

Málefnanefnd Samfylkingarinnar um menntamál bauð LÍŠ að taka þátt í pallborði á opnum fundi um Lánasjóð íslenskra námsmanna í Iðnó þann 16. september 2019.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, varaþingmaður og formaður málefnanefndar Samfylkingarinnar um menntamál, stýrði fundinum.

Sigrún Jónsdóttir, þáverandi varaforseti LÍŠ, fór fyrir hönd samtakanna og sat í pallborði ásamt Guðmundi Andra Thorssyni, þingmanni Samfylkingarinnar og varaformanni allsherjar og menntamálanefndar; Þórunni Sveinbjarnardóttur, formanns Bandalags háskólamanna og Marinó Erni Ólafssyni, lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Sigrún fór yfir helstu breytingarnar sem frumvarpsdrögin um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna (SÍN) hefur í för með sér og ræddi kosti og galla þeirra breytingar út frá umsögn LÍŠ. Sigrún lagði áherslu á kröfur stúdenta þegar kemur að breyttum vaxtakjörum. Í frumvarpsdrögunum, sem birtust inni á Samráðsgátt stjórnvalda í júlí, kom fram að námsmenn geta valið á milli verðtryggðs

og óverðtryggðs láns við námslok og að vextir skuli vera breytilegir og byggja á vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu föstu vaxtaálagi. LÍS telja æskilegra að sett verði þak vexti. Marinó Örn Ólafsson fjallaði svo nánar um áhrif breyttra vaxtakjara út frá ýmsum sviðsmyndum. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM,



ræddi kosti og galla frumvarpsins út frá sínum hagsmunahópi, greiðendum. Tók hún undir kröfur LÍS um þak á vexti og ræddi meðal annars þjónustuhlutverk SÍN. Guðmundur Andri Thorsson stiklaði á stóru um sögu LÍN og ræddi mikilvægi þess að sjóðurinn gagnist sem félagslegt jöfnunartæki.

12.3 Pallborðsumræður Vinstri grænna um frumvarp um Menntasjóð námsmanna

Þann 9. nóvember 2019 tók Sigrún Jónsdóttir, forseti, þátt í pallborðsumræðum á vegum Vinstri grænna um frumvarp um Menntasjóð námsmanna í Þjóðminjasafni Íslands. Með henni í pallborði



sátu Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og Andrés Ingi Jónsson, þáverandi þingmaður Vinstri grænna. Ragnar Auðunn Árnason stýrði pallborðsumræðum. Pallborðið fór fram stuttu eftir að frumvarp um Menntasjóð námsmanna var kynnt á Alþingi og því nokkuð nýtt af nálinni. Umræðan var lífleg og veitti framkvæmdastjórn innblástur við skrif á umsögn samtakanna.

12.4 Opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna - Reykjavík

Þann 19. nóvember 2019 fór fram opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna á Stúdentakjallaranum. Fundurinn var skipulagður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hóf fundinn með því að kynna frumvarp um Menntasjóð námsmanna. Sigrún Jónsdóttir, forseti, hélt í kjölfarið framsögu um áherslur stúdenta og lagði höfuðáherslu á kröfu stúdenta um þak á vexti. Jóhann H. Sigurðsson stýrði því næst pallborðsumræðum en ásamt Lilju og Sigrúnu sátu Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ, Leó Snær Emilsson, formaður SFHR, og Sýlvía Lind Jóhannesdóttir, fulltrúi NLHÍ, í pallborðinu. Opnað var fyrir spurningar úr sal og voru umræðurnar líflegar.



12.5 Opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna - Hvanneyri

Þann 25. nóvember 2019 fór fram opinn fundur um frumvarp um Menntasjóð námsmanna í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Fundurinn var skipulagður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fundurinn var með svipuðu sniði og opni fundurinn sem fór fram á Stúdentakjallaranum í Reykjavík. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra hóf fundinn með því að kynna frumvarp um Menntasjóð námsmanna. Sigrún Jónsdóttir, forseti, hélt í kjölfarið framsögu um áherslur stúdenta og lagði höfuðáherslu á kröfu stúdenta um þak á

vexti. Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir stýrði pallborðsumræðum en ásamt Lilju og Sigrúnu sat Leifur Finnbogason, formaður NFHB, í pallborðinu. Vel var mætt á fundinn.



12.6 Pallborðsumræður Viðreisnar um frumvarp um Menntasjóð námsmanna

Þann 23. nóvember tók Sigrún Jónsdóttir, forseti, þátt í pallborðsumræðum á vegum Viðreisnar um frumvarp um Menntasjóð námsmanna í húsakynnum Viðreisnar. Í pallborði sátu einnig Eygló Harðardóttir, stjórnarformaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og Marinó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Viðburðurinn hófst með stuttum framsöguerindum frá viðmælendum og stýrði því næst Starri Reynisson, formaður Uppreisnar, umræðum. Sigrún fjallaði um áherslur stúdenta út frá umsögn LÍŠ um frumvarp um Menntasjóð námsmanna og lagði sérstaka áherslu á herferð samtakanna „Fjárfestum í menntun“.

12.7 Erindi á ráðstefnu Rannís um hvernig eigi að efla hreyfanleika kennaranema

Í byrjun desember fór fram evrópsk ráðstefna á vegum Rannís um hvernig eigi að efla hreyfanleika kennaranema. Ráðstefnan fór fram á Icelandair Hotel Reykjavík Natura og var viðfangsefnið um mikilvægi alþjóðavæðingar í kennaramenntun og hlutverk Erasmus+ í því samhengi. Um 40-50 einstaklingar úr allri Evrópu tóku þátt sem starfa innan hinna ýmsu háskóla og/eða sem vinna að alþjóðamálum. Sigrún Jónsdóttir, forseti, hélt erindi um sjónarhorn stúdenta að alþjóðavæðingu háskólakerfisins sem var byggt á stefnu LÍS um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags.

12.8 Umbylting háskólanáms - Málstofa SHÍ um European University Networks

Stúdentaráð Háskóla Íslands bauð Sigrúnu Jónsdóttur, forseta LÍS, að taka þátt í pallborðsumræðum í lok janúar 2020 um “European University Networks” (EUN). Háskóli Íslands er einn af níu háskólum í Aurora samstarfsnetinu sem vinnur að umsókn að EUN. Viðburðurinn fór fram í Veröld - húsi Vigdísar og hófst á þremur örkynningum frá Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, Magnúsi Torfasyni, lektor og sérfræðingi HÍ í kjarnarhóp Aurora yfir EUN og Elísabeti Brynjarsdóttur, forseta Stúdentaráðs Aurora. Fundarstýra var Kolfinna Tómasdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ. Til viðbótar við Steinunni, Magnús og Elísabetu sátu Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, Una Strand Viðarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og Sigrún í pallborði við lok örfyrirlestranna. Kolfinna stýrði umræðum um framtíð háskólamenntunar í Evrópu, tækifærunum sem liggja í umsókninni og hvers má vænta. Einnig var opnað fyrir spurningar úr sal. Ljóst er að spennandi tímar eru fram undan og verður fróðlegt að fylgjast með þróun háskólamenntunar í framtíðinni.